



Svæðisskipulag

Dala, Reykhóla og Stranda

Umhverfisskýrsla
Apríl 2018

Umhverfisskýrsla með tillögu
skv. 25. gr. skipulagslaga og 9. gr laga um
umhverfismat áætlana

1	Um umhverfisskýrslu	2	5.3	Jarðvegur.....	19
1.1	Efni skýrslunnar	2	5.4	Yfirborðsvatn	21
1.2	Málsmeðferð svæðisskipulagstillogu	2	5.5	Grunnvatn	23
1.3	Uppbygging skýrslunnar.....	2	5.6	Jarðhiti.....	25
2	Svæðissamhengi.....	3	5.7	Sjór	27
2.1	Landfræðilegt samhengi	3	5.8	Loft og veðurfar	29
2.2	Stjórnsýslusamhengi	4	5.9	Gróður	31
3	Samhengi við aðrar áætlanir	5	5.10	Lífríki	33
3.1	Samhengi við aðalskipulag.....	5	5.11	Landslag.....	35
3.2	Tengsl við stefnuskjöl á sveitarfélagavísu	6	5.12	Menningarminjar	37
3.3	Tengsl við áætlanir fyrir landshluta.....	7	5.13	Sögur og sagnir	39
3.4	Tengsl við áætlanir á landsvísu	9	5.14	Mannauður og búseta	41
4	Nálgun við umhverfismat tillögu	10	5.15	Íbúðarbyggð og frístundabyggð	43
4.1	Matslysing.....	10	5.16	Samfélagsþjónusta.....	45
4.2	Efni áætlunarinnar	10	5.17	Atvinnulíf	47
4.4	Tengsl við aðrar áætlanir	11	5.18	Stofnkerfi.....	49
4.5	Umhverfi og aðstæður á svæðinu	12	6	Heildaráhrif svæðisskipulagstillogu	52
4.6	Stefna til mats.....	13	HEIMILDIR OG ÍTAREFNI	53	
4.7	Viðmið við matið	13	Umsagnaraðilar	53	
4.8	Nákvæmni, gögn og aðferðir	15			
4.9	Heildaráhrif.....	15			
5	FORSENDUR OG UMHVERFISMAT	16			
5.1	Efni og uppbygging kaflans	16			
5.2	Berggrunnur	17			

1 UM UMHVERFISSKÝRSLU

1.1 EFNI SKÝRSLUNNAR

Í þessari umhverfisskýrslu er gerð grein fyrir forsendum tillögu að Svæðisskipulagi Dalabyggðar, Reykhólahrepps og Strandabyggðar 2018-2030. Skýrslan er fylgiskjal með tillögnumi. Í henni er helstu auðlindum og sérkennum skipulagssvæðisins lýst ásamt stöðu og áskorunum samfélaga þess. Dregið er fram hvað einkennir helstu umhverfisþætti, hvernig nýtingu auðlinda er háttáð og hvaða frekari möguleikar eru til að nýta þau auðæfi sem svæðið býr yfir. Sá grunnur var nýttur til að móta þá framtíðarsýn og stefnu sem birtist í svæðisskipulagstillögum sjálfri. Í skýrslunni er jafnframt gerð grein fyrir áhrifum stefnunnar á umhverfi og samfélag, í samræmi við lög um umhverfismat áætlana. Öll kort í skýrslunni eru skýringarkort.

1.2 MÁLSMEÐFERÐ SVÆÐISSKIPULAGSTILLÖGU

Lýsing svæðisskipulagsverkefnisins, sbr. 1. mgr. 23. gr. skipulagslag, var kynnt í júníbyrjun 2016 með auglýsingu á Facebook og verkefnisvefnum samtakamattur.is. Lýsingin lá frammi á skrifstofum sveitarfélaganna og var send til fjölmargra aðila innan og utan sveitarfélagsins til kynningar og umsagnar (sbr. lista í því skjali sem er aðgengilegt á vef verkefnisins). Áður hafði vefur og Facebook-síða verkefnisins verið kynnt á vefsíðum sveitarfélaganna og svæðisskipulagsverkefnið sjálft í héraðsblöðunum Bæjarins besta, Dalapóstinum og Skessuhorni. Þá var á vordögum 2016 haldinn opinn íbúafundur þar sem verkefnið var kynnt og rætt um viðfangsefni og áherslur við skipulagsgerðina og aðstæður á svæðinu.

Í byrjun febrúar 2017 var birt svokölluð greiningarskýrsla sem var frumútgáfa af þeiri umhverfisskýrslu sem hér er birt. Hún innifól einnig lýsingu á nálgun við umhverfismat svæðisskipulagstillögunnar, sbr. 2. mgr. 6. gr. laga um umhverfismat áætlana og gr. 3.2.2 í skipulagsreglugerð. Greiningarskýrslan var kynnt á vef, auglýst í fjölmíðum og send til umsagnaraðila (sbr. lista aftast í skýrslunni, sem er aðgengileg á vef verkefnisins, www.samtakamattur.is).

Í september-oktober 2017 var svæðisskipulagstillaga ásamt umhverfisskýrslu kynnt í samræmi við 2. mgr. 23. gr. skipulagslag og 7. gr. laga um umhverfismat áætlana. Kynningin fór fram á vefnum og á opnum fundum í sveitarfélögum

þremur og með sendingu skipulagsgagna til umsagnaraðila með beiðni um umsögn.

Í kjölfar þeirrar kynningar afgreiddi svæðisskipulagsnefnd 7. nóvember 2017 þær ábendingar og umsagnir sem bárust og samþykkti að leggja til við sveitarstjórnir að svæðisskipulagstillagan ásamt umhverfisskýrslu yrði auglýst í samræmi við 24. gr. skipulagslag og 7. gr. laga um umhverfismat áætlana, að undangenginni athugun Skipulagsstofnunar skv. 3. mgr. 23. gr. skipulagslag. Sveitarstjórn Strandabyggðar samþykkti þá tillögu 14. nóvember, sveitarstjórn Reykhólahrepps 17. nóvember og sveitarstjórn Dalabyggðar 21. nóvember 2017.

Skipulagsstofnun veitti umsögn um svæðisskipulagstillögu og umhverfisskýrslu með bréfi dags. 9. janúar 2018. Skipulagsnefnd fjallaði um umsögnina á fundi sínum 18. janúar 2018 og ákvað að auglýsa tillöguna að gerðum þeim lagfæringum sem lýst er í fundargerð nefndarinnar. Auglýsingatími var frá 26. janúar til 12. mars. Að honum afloknum tók svæðisskipulagsnefnd fyrir, á fundi sínum 26. mars 2018, þær þrjár athugasemdir sem bárust og ákvað á að leggja til við sveitarstjórnir að svæðisskipulagið yrði samþykkt að gerðum þeim lagfæringum sem lýst er í fundargerð nefndarinnar. Sjá nánar um skipulagsferlið í 3. kafla tillögunnar.

1.3 UPPBYGGING SKÝRSLUNNAR

Umfjöllunarefni hvers kafla umhverfisskýrslunnar eru eftirfarandi:

- 1. kafli: Efni, málsméðferð og uppbygging skýrslunnar.
- 2. kafli: Svæðissamhengi og hvernig unnið er með það í svæðisskipulagstillögu.
- 3. kafli: Tengsl við aðrar áætlanir og hvernig unnið er með þau í svæðisskipulagstillögu.
- 4. kafli: Nálgun við umhverfismat svæðisskipulagstillögunnar.
- 5. kafli: Forsendur og umhverfismat tillögunnar m.t.t. umhverfisþáttu sem skilgreindir eru í lögum um umhverfismat áætlana.
- 6. kafli: Samantekt umhverfismats.
- Viðauki 1: Helstu heimildir og ítarefni.
- Viðauki 2: Listi yfir umsagnaraðila um svæðisskipulagstillögu ásamt umhverfisskýrslu.

2 SVÆÐISSAMHENGİ

2.1 LANDFRÆÐILEGT SAMHENGİ

Landsvæði Dalabyggðar, Reykhólahrepps og Strandabyggðar er samanlagt 5356 km². Það liggur að mikilvægum strandsjávarsæðum á þrjá vegu; til vesturs að Breiðafirði, til norðausturs að Húnaflóa og til norðvesturs að Ísafjarðardjúpi.



Mörk sveitarfélaganna þriggja mætast nokkurn veginn í miðju svæðisins, á Steinadalsheiði sem liggur á milli Gilsfjarðar og Kollafjarðar. Frá miðju svæðisins (eða Gilsfirði) er um 1,5 klst. akstur til Borgarness, rúmlega 3 klst. akstur til Ísafjarðar og um 2 klst. akstur í Stykkishólm. Til höfuðborgarinnar er um 2,5 klst. akstur og tæpra 4 klst. akstur til höfuðstaðar Norðurlands, Akureyrar. Meginleið að svæðinu sunnanverðu liggur um Bröttubrekku frá Hringvegi 1, að norðanverðu um Djúpveg, að austanverðu um Innstrandaveg og að vestanverðu um Snæfellsnesveg.

Úrvinnsla í svæðisskipulagstillögu:

- Í tillöggunni er sett fram stefna um að viðhalda heilbrigði, líffræðilegri fjölbreytni og framleiðslugetu haf- og strandsvæða við Breiðafjörð og Húnaflóa.
- Í tillöggunni eru hlunnindi við Breiðafjörð og Húnaflóa dregin fram í stefnu um svæðismark og ferðaleiðir.
- Í tillöggunni er lögð áhersla á bætta vegi innan svæðisins og á milli þess og sveitarfélaga á Vestfjörðum, Vesturlandi og Norðurlandi vestra, til að svæðið geti sem best nýtt möguleika sína til þróunar. Lögð er sérstök áhersla á bættan veg um Skógarströnd.

Meginleiðir að svæðinu



2.2 STJÓRNSÝSLUSAMHENGİ

Sveitarfélöginn þrjú tilheyra tveimur landshlutum; annarsvegar eru Reykhólahreppur og Strandabyggð hluti af Vestfjörðum og meðlimir í Fjórðungssambandi Vestfirðinga; hinsvegar er Dalabyggð hluti af Vesturlandi og þar með Samtökum sveitarfélaga á Vesturlandi. Á vegum landshlutasamtakanna eru ýmis verkefni og starfsemi sem sveitarfélöginn þrjú taka þátt í með eínum eða öðrum hætti, s.s. sóknaráætlanir, uppbyggingarsjóður, atvinnuráðgjöf, símenntun og markaðsstofur.


Þrátt fyrir að sveitarfélöginn tilheyri tveimur landshlutum hafa þau, ýmist tvö eða þrjú, haft með sér margvíslegt samstarf. Sem dæmi má nefna að Strandabyggð og Reykhólahreppur hafa með sér sameiginlega velferðarnefnd og að samvinna hefur verið milli allra sveitarfélaganna þriggja um íþróttastarf og skólamál. Þá er margvíslegt samstarf á sviði ýmiskonar félagsstarfsemi.

Dalabyggð og Reykhólahreppur eiga fulltrúa í Breiðafjarðarnefnd sem er umhverfisráðherra til ráðgjafar um framkvæmd laga um vernd Breiðafjarðar.

Úrvinnsla í svæðisskipulagstillögu:

- Við tillögugerðina var tekið mið af fyrirliggjandi stefnu landshluta (sjá 3. kafla og heimildaskrá) og leitað umsagnar landshlutasamtakana um tillöguna á mismunandi viinsslustigum. Fulltrúum frá samtökunum var boðið á vinnufundi.
- Tekið er mið af Verndaráætlun Breiðafarðar, m.a. með því að setja fram stefnu um að heilbrigði, líffræðileg fjölbreytni og framleiðslugeta haf- og strandsvæða viðhaldist.
- Breiðafjarðarnefnd fékk verkefnislýsingu, greiningarskýrslu og vinnslutillögu til umsagnar. Brugðist hefur verið við ábendingum nefndarinnar í þeirri tillögu sem kynnt er nú í september 2017. Fulltrúum nefndarinnar var boðið á vinnufundi.

Landshlutar og sveitarfélög



3 SAMHENGI VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR

3.1 SAMHENGI VIÐ AÐALSKIPULAG

Aðalskipulagsáætlanir sveitarfélöganna eru mikilvægur grunnur fyrir svæðisskipulagsgerðina. Þær hafa verið rýndar við gerð þessarar umhverfisskýrslu m.t.t. auðlinda og sérkenna svæðisins, stöðu þess og þróunar. Einnig m.t.t. þess hvaða skipulagsviðfangsefni er æskilegt að marka sameiginlega stefnu um. Skipulagstímabil aðalskipulagsáætlannana nær til 2016 (Dalabyggð), 2018 (Reykhólahreppur) og 2022 (Strandabyggð) og er því ýmist kominn tími á endurskoðun eða styttist í hana.


EKKI ÞYKIR ÁSTÆÐA TIL AÐ RÝNA DEILISKIPULAG Á SVÆÐINU EN ÞAÐ ER EITT ÞEIRRÁ VERKFÆRA SEM SVEITARFÉLÖGIN HAFNA TIL AÐ FRAMFYLGA STEFNU SVÆÐISSKIPULAGS OG AÐALSKIPULAGS.

Úrvinnsla í svæðisskipulagstillögu:

- Í tillögunni eru dregin fram þau viðfangsefni aðalskipulags sem eru talin mikilvæg á svæðisvísu, s.s. vegakerfi, stærri veitukerfi og verndarsvæði. Samsett aðalskipulag sveitarfélöganna er sett fram á korti til skýringar með stefnutexta.
- Gagnaöflun, -greining- og -framsetning vegna svæðisskipulags hefur miðað að því að auðvelda endurskoðun aðalskipulags þegar þar að kemur. Þannig er einnig stuðlað að því að aðalskipulag sveitarfélöganna verði sett fram með samræmdum hætti.
- Í tillögunni er gert ráð fyrir að sóknarmarkmið og markmið svæðisskipulags í umhverfis- og skipulagsmálum verði nánar útfærð í aðalskipulagi hvers sveitarfélags.

Samspil svæðisskipulags, aðalskipulags og deiliskipulags

Svæðis-skipulag	Sóknarmarkmið atvinnumál, samfélagsmál, menningarmál
	Umhverfis- og skipulagsstefna svæði, staðir, innviðir
Aðal-skipulag	Nánar útfærð sóknarmarkmið og umhverfis- og skipulagsstefna
	Landnotkunarkipulag
Deili-skipulag	Fyrirkomulag og gerð mannvirkja



3.2 TENGSL VIÐ STEFNUSKJÖL Á SVEITARFÉLAGAVÍSU

Hjá sveitarfélögunum eða með samstarfi á svæði þeirra hefur á síðustu árum eða er um þessa mundir unnið að eftifarandi stefnumótunarverkefnum sem hafa verið rýnd við vinnslu þessarar umhverfisskýrslu og mótuð svæðisskipulagstillögu (sjá tengla á verkefnin í heimildaskrá):

- Arnkatla 2008. Stefnumótun í ferðaþjónustu fyrir árin 2008 – 2012 (klasasamstarf fyrirtækja á Ströndum og í Reykhólasveit)
- Staðarandi Reykhóla. Greiningarskýrsla og tillögur.
- Stefnumótun Strandabyggðar 2016. Yfirstandandi verkefni þar sem lögð er áhersla á stefnumótun um innri skipulagsmál sveitarfélagsins og atvinnumál og atvinnuuppbryggingu.

Úrvinnsla í svæðisskipulagstillögu:

- Stefna tillögunnar um ferðaleiðir og áfangastaðir þar sem unnið er með mismunandi sögubræði tengda náttúru og menningu svæðisins, er í samræmi við þá stefnu í verkefninu Arnkatla 2008 að byggja upp náttúrutengda ferðamennsku og að gera menningarsögu og menningarlandslag svæðisins að megin aðdráttaraflí fyrir ferðamenn. Áhersla þess verkefnis á samvinnu, markaðshugsun, gæði, bætta grunnþjónustu og aukna arðsemi endurspeglast einnig í svæðisskipulagstillögum.
- Sérstaða Reykhóla er m.a. dregin fram í stefnu tillögunnar um sjávarnytjar og ferðaleið meðfram strönd Breiðafjarðar.
- Tillögur úr verkefninu „Stefnumótun Strandabyggðar 2016“ liggja ekki fyrir.



3.3 TENGSL VIÐ ÁÆTLANIR FYRIR LANDSHLUTA

Þar sem svæðið tilheyrir tveimur landshlutum ná tvær sóknaráætlanir til þess:

- Sóknaráætlun Vestfjarða 2015-2019.
- Sóknaráætlun Vesturlands 2015-2019.

Fyrir landshlutana, svæði innan þeirra eða nágrannasvæði hefur á síðustu árum eða er um þessa mundir unnið að eftirfarandi stefnumótunarverkefnum sem hafa verið rýnd við vinnslu þessarar umhverfisskýrslu og móton svæðisskipulagstillaðgu (sjá tengla á verkefnin í heimildaskrá):

- Eldra svæðisskipulag: Svæðisskipulag Dalasýlu og A-Barðastrandarsýlu 1992-2012, staðfest 4. janúar 1996. Náði til allrar Dalasýlu og Reykhólahrepps í A-Barðastrandarsýlu. Svæðisskipulagið er ekki lengur í gildi en í því er ýmislegt fróðlegt efni um þennan hluta svæðisins.
- Ferðaþjónusta á Vesturlandi. Staða og stefna: 2012-2015.
- Nýtingaráætlun strandsvæða á Vestfjörðum - Ísafjarðardjúp og Jökulfirðir.
- Stefnumótun Ferðamálasamtaka Vestfjarða 2010 – 2015.
- Stefnumótun vestfirskrar ferðaþjónustu 2016-2020.
- Stefnumörkun sveitarfélaga á Vestfjörðum. Lokaútgáfa – október 2016.
- Svæðisskipulag Snæfellsness 2014-2026.
- Sameiginleg stefna sveitarfélaga á Vestfjörðum um sjálfbæra þróun í umhverfislegu og félagslegu tilliti. Samþykkt maí 2017.
- Verkefni um umhverfisvottun Vestfjarða (Earth Check).
- Verndaráætlun fyrir Breiðafjörð 2014-2019.
- Áfangastaðaáætlun Vestfjarða og áfangastaðaáætlun Vesturlands.

Úrvinnsla í svæðisskipulagstillaðgu:

- Tillagan veitir efnivið fyrir þau áhersluverkefni Sóknaráætlunar Vestfjarða að vinna að stefnumörkun sveitarfélaga á Vestfjörðum og beinni markaðssetningu ferðaþjónustu þar. Ennfremur fellur tillagan að stefnu sóknaráætlunar um nýsköpun og atvinnuþróun, menningu, mannauð og menntun og lýðfræði og þróun mannauðs.
- Tillagan er í samræmi við stefnu Sóknaráætlunar Vesturlands um nýsköpun, matvælaframleiðslu og iðnaðarstarfsemi á grunni sjálfbærrar nýtingar auðlinda. Einnig stefnu um að nýta einstaka náttúru, sögu og menningu af skynsemi og forsíalni í þágu ferðaþjónustu, með góðri markaðssetningu, uppbyggingu á aðstöðu og afþreyingu, með það að leiðarljósi að ganga ekki á gæði landsins. Jafnframt stuðlar tillagan að markmiðum Sóknaráætlunar sem snúa að því að styrkja mannauð, menningarlíf og staðaranda og bæta samgöngur og fjarskipti.

→ Svæðisskipulagstillaðan fellur að eftirfarandi markmiðum Sameiginlegrar stefnu sveitarfélaga á Vestfjörðum um sjálfbæra þróun:

- Að vinna að úrbótum í umhverfislegu, efnahagslegu og félagaslegu tilliti með hliðsjón af viðmiðunarskýrslum EarthCheck fyrir svæðið, með því að marka stefnu um þrjú sóknarsvið fyrir hverja áherslugrein (landbúnað, sjávarnytjari og ferðaþjónustu) og taka mið af lykilsviðum EarthCheck verkefnisins.
- Að starfa í anda samfélagslegrar ábyrgðar og eiga þátt í að efla samfélagslega ábyrgð fyrirtækja, með því að gera ráð fyrir samvinnu við atvinnulifð við framfylgd stefnunnar og verkefna sem hún skilgreinir.
- Að hvetja ferðaþjónustufyrirtæki til að fá starfsemi sína vottaða, með því að setja fram beina stefnu þar um.

→ Í tillögnum er tekið mið af þeirri niðurstöðu skýrslu um Ferðaþjónustu á Vesturlandi að sóknarfæri Dalanna liggi í náttúrunni og sögunni og að skýra þurfí ímynd þeirra og kynna betur.

→ Tillagan er í anda þess sem segir í „Stefnumótun um vestfirkska ferðaþjónustu 2016-2020“ um að skilgreining sérstöðu og sátt um hana sé grunnforsenda þess að byggja upp samkeppnisforskot. Tillagan fellur einnig að þeirri sérstöðu sem lýst er fyrir Vestfirði sem eru: Nálægð við einstaka náttúru, einstök friðsæld og öðruvísi upplifun.

→ Tillagan er í samræmi við sameiginleg meginmarkmið sveitarfélaga á Vestfjörðum eins og þau voru greind í skýrslunni „Stefnumörkun sveitarfélaga á Vestfjörðum.“ Ekki var greint neitt ósamræmi en svæðisskipulagstillaðan fellur m.a. að eftirfarandi sameiginlegum markmiðum vestfirskra sveitarfélaga, sem kom fram í skýrslunni:

- Að varðveita sérkenni og fjölbreytileika svæðisins.
- Að nýting náttúru og auðlinda fari fram á sjálfbærar hátt.
- Að efla og auðga menningarstarfsemi á svæðinu og fjölga tækifærum á sviði skapandi greina.
- Að skólar og skólamál eru mikilvæg grunnerð.
- Að byggð sé góðum tengslum við náttúru, sögulegt umhverfi og önnur sérkenni.
- Að tryggt sé rými fyrir frekari þróun í sjávarútvegi og rannsóknir efldar sem styrkja muni tengsl við menntastofnanir.
- Að nýta tækifæri sem gefast með sjávartengdri ferðaþjónustu.
- Að halda sé ímynd og hreinleika svæðisins.
- Að efla ferðaþjónustu sem byggi á sérstöðu svæðisins, náttúru, menningu og sögu.

- Tillagan er í anda Verndaráætlunar Breiðafjarðar sem markar stefnu um vernd náttúru- og menningarminja og rannsóknir á þeim. Stefna áætlunarinnar fyrir ferðaþjónustu, útvist og atvinnustarfsemi á firðinum er tekin upp í svæðisskipulagstillöggunni.
- Nýtingaráætlun strandsvæða við Ísafjarðardjúp hefur ekki bein áhrif á tillöguna.
- Reiknað er með að áfangstaðaáætlanir sem eru í mótu verði vettvangur til að ræða og vinna frekar að framgangi þeirra tillagna sem settar eru fram í svæðisskipulagstillöggunni.
- Ekki er talið að svæðisskipulagstillagan stangist á við aðrar framangreindar áætlanir.

3.4 TENGSL VIÐ ÁÆTLANIR Á LANDSVÍSU

Eftirfarandi áætlanir á landsvísu hafa verið rýndar við vinnslu þessarar umhverfisskýrslu og við mótnun stefnu (sjá tengla í heimildaskrá):

- Landsskipulagsstefna 2015-2016.
- Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum. Umhverfisráðuneytið (2010).
- Kerfisáætlun Landsnets 2015–2024. Drög.
- Kerfisáætlun Landsnets. Fimm ára áætlun 2013–2017.
- Líffræðileg fjölbreytni: Stefnumótun Íslands um framkvæmd Samnings um líffræðilega fjölbreytni. Umhverfisráðuneytið (2008).
- Stefnumörkun í loftslagsmálum. Umhverfisráðuneytið (2007a).
- Velferð til framtíðar. Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi. Stefnumörkun til 2020.
- Vernd og endurheimt íslenskra birkiskóga. Skýrsla og tillögur nefndar. Umhverfisráðuneytið (2007).
- Þingsályktun um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða (2013).
- Þingsályktun um eflingu græna hagkerfisins á Íslandi (2012).
- Þingsályktun um ferðamálaáætlun 2011-2020.
- Þingsályktun um landgræðsluáætlun 2003-2014.
- Þingsályktun um náttúruverndaráætlun 2004-2008 og 2009-2013.
- Þingsályktun um samgönguáætlun 2011-2022.
- Þingsályktun um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2014-2017.
- Þingsályktun um tólf ára fjarskiptaáætlun fyrir árin 2011-2022.
- Vegvíslir í ferðabjónustu.

Dæmi um verkefni á landsvísu sem nýtt voru við greiningu og stefnumótun (sjá tengla í heimildaskrá):

- Ferðamálastofa (2015). Auðlindir ferðabjónustunnar.
- Atvinnu- og nýsköpunarráðuneyti (2010). Skýrsla nefndar um landnotkun: Athugun á notkun og varðveislu ræktanlegs lands á Íslandi.
- Starfshópur um landnotkun í dreifbýli og sjálfbæra landnýtingu (2014). Landnotkun í dreifbýli og sjálfbær landnýting. Áfangaskýrsla.

Gerð er grein fyrir alþjóðlegum og evrópskum samþykktum sem varða svæðisskipulagsgerðina í 4. kafla um nálgun við umhverfismat.

Úrvinnsla í svæðisskipulagstillögu:

- Í umhverfismati tillögunnar er gengið úr skugga um að stefna svæðisskipulagsins rími við áherslur gildandi áætlana á landsvísu og alþjóðlegar og evrópskar samþykktir, með því að setja fram umhverfisviðmið sem byggja á þeim áætlunum.
- Leitast var við að nýta gagnasöfn og skýrslur sem varða áherslugreinar svæðisskipulagsverkefnisins, eftir því sem tilefni þótti til.



4 NÁLGUN VIÐ UMHVERFISMAT TILLÖGU

4.1 MATSLÝSING

Lýsing á nálgun við umhverfismat svæðisskipulagstillögunnar (matslýsing) var kynnt í greiningarskýrslu sem auglýst var í byrjun febrúar 2017. Þar var greint frá umfangi, áherslu og aðferðum við matið. Skipulagsstofnun veitti umsögn um greiningarskýrsluna með bréfi dags. 20.2.2017 og lagði þar áherslu á að umhverfismatið beindist að markmiðum sem teljast líkleg til að hafa veruleg umhverfisáhrif. Einnig taldi stofnunin tilefni til að kortleggja víðerni á svæðinu og meta hvort stefna svæðisskipulagstillögunnar væri líkleg til að hafa í för með sér skerðingu á þeim. Eftirfarandi lýsing á nálgun við umhverfismatið hefur verið uppfærð m.t.t. þessa. Í lýsingunni eru teknir fyrir þeir þættir sem gera á grein fyrir í umhverfisskýrslu skv. liðum a-i í 6. gr. laga um umhverfismat áætlana. Vísað er í kafla í svæðisskipulagstillögu þar sem það á við.



**Svæðisskipulagsáætlun fyrir
Dalabyggð, Reykhólahrepp og Strandabyggð**

GREININGARSKÝRSA – FORSENDUR, VIDFANGSEFNI, FRAMTIÐARSÝN, SVÆÐISMARK, MATSLÝSING

Til kynningar og umisagnar
str. 23. gr. skipulagslaða og 6. gr. laga um umhverfismat áætlana
febrúar 2017

4.2 EFNI ÁÆTLUNARINNAR

Gerð er grein fyrir tilgangi, hlutverki og áherslugreinum svæðisskipulagsins í köflum 1.2-1.4 í sjálfri tillögunni. En í stuttu málið er tilgangur áætlunargerðarinnar að festa í sessi sameiginlega framtíðarsýn sveitarfélaganna þriggja á þróun svæðisins í þeim tilgangi að styrkja atvinnulíf og byggð. Verkefnið snýst þannig um að greina tækifæri sem búa í auðlindum og sérkennum svæðisins og móta á þeim grunni stefnu í atvinnumálum, samfélagsmálum og umhverfis- og skipulagsmálum fyrir áherslugreinarnar landbúnað, sjávarnytjar og ferðaþjónustu. Svæðisskipulagið mun gegna hlutverki byggðaáætlunar (sóknaráætlunar) sveitarfélaganna með því að skilgreina sameiginlegar áherslur og verkefni um leið og það er skipulagsáætlun sem leggur línur fyrir aðalskipulags- og deiliskipulagsgerð hvers sveitarfélags.

ÁHERSLUGREINAR			
SVIÐ	Landbúnaður	Sjávarnytjar	Ferðaþjónusta
Umhverfi og auðlindir	forsendur – markmið – leiðir		
Framleiðsla og starfsemi	forsendur – markmið – leiðir		
Menning og þekking	forsendur – markmið – leiðir		

4.4 TENGSL VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR

Samhengi svæðisskipulagsverkefnisins við aðra áætlanagerð er lýst í 3. kafla hér að framan en í töflum hér á eftir er gerð nánari grein fyrir efni stefnuskjala á landsvísu og alþjóðlegra og evrópskra samþykktu, sem tekið er mið af við stefnumótun og umhverfismat.

Stefnuskjöl á landsvísu	Stefna sem varðar svæðisskipulagið
Þingsályktun um landsskipulagsstefnu 2015-2016 (Alþingi, 2016)	Stefnan byggir á fjórum leiðarljósum: Að skipulag byggðar og landnotkunar stuðli að sjálfbærri þróun; sé sveigjanlegt og stuðli að seigl gagnvart samfélags- og umhverfisbreyingum; stuðli að lífsgæðum fólks; styðji samkeppnishæfni landsins alls og einstakra landshluta.
Þingsályktun um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2014–2017, (Alþingi 2014)	Áætlunin miðar að því að jafna tækifæri allra landsmanna til atvinnu og þjónustu, jafna lífskjör og stuðla að sjálfbærri þróun byggðarlaga um land allt.
Þingsályktun um eflingu græna hagkerfisins (Alþingi 2012)	Stefnan miðar að því að Ísland skipi sér í fremstu röð á alþjóðavettvangi sem grænt hagkerfi, með áherslu á hreina náttúru, sjálfbæran orkubúskap, nýsköpun og menntun til sjálfbærni.
Ferðamálaáætlun 2011-2020, þingsályktun (Alþingi 2011)	Meginmarkmið ferðamálaáætlunar eru: Að auka arðsemi atvinnugreinarnar; að standa að markvissri uppbyggingu áfangastaða, öflugri vörupróun og kynningarstarfi til að skapa tækifæri til að lengja ferðamannatímabilið um land allt, minnka árstíðasveiflu og stuðla að betri dreifingu ferðamanna um landið; að auka gæði, fagmennsku, öryggi og umhverfisvitund ferðapjónustunnar; að skilgreina og viðhalda sérstöðu Íslands sem áfangastaðar ferðamanna, m.a. með öflugu greiningar- og rannsóknarstarfi.
Vegvísir í ferðapjónustu (atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið og Samtök ferðapjónustunnar, SAF 2015)	Sameiginleg stefna ríkis og SAF um ferðapjónustu til lengri tíma með áherslu á sjálfbæra þróun. Á næstu fimm árum verður, á vegum Stjórnstöðvar ferðamála sem er sameiginlegur vettvangur ríkisstjórnar Íslands, Sambands íslenskra sveitarfélaga og SAF, lögð áhersla á verkefni sem stuðla að: Samhæfðri stýringu ferðamála; jákvæðri upplifun ferðamanna; áreiðanlegum gögnum; náttúruvernd; hæfni og gæðum; aukinni arðsemi; og dreifingu ferðamanna. Helsta verkefnið sem varðar svæðisskipulagið er skipulagning áfangastaða ferðamanna í hverjum landshluta.

Samgönguáætlun 2011-2022, þingsályktun (Alþingi 2012) og tillaga til þingsályktunar fyrir 2015–2026 (Alþingi 2015–2016.)	Áætlunin inniheldur markmið og leiðir sem eiga að stuðla að greiðum, hagkvæmum, umhverfislega sjálfbærum og öruggum samgöngum.
Þingsályktun um fjögurra ára samgönguáætlun 2011–2014 (Alþingi 2012) og tillaga til þingsályktunar fyrir 2015–2018 (Alþingi 2015–2016)	Í áætluninni eru skilgreind verkefni og framkvæmdir sem veitt er fjármagn til innan ramma stefnumótandi samgönguáætlunar.
Þingsályktun um Fjarskiptaáætlun 2011-2022 (Alþingi 2012)	Áætlunin skilgreinir leiðir að markmiðum um aðgengileg, greið, hagkvæm, skilvirk, örugg og umhverfisvæn fjarskipti.
Þingsályktun um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða (Alþingi 2014)	Áætlunin gerir ráð fyrir Skúnavatnavirkjunum biðflokkji þar sem nýtt yrði vatnasvið þverár á Langadalsströnd við Ísafjarðardjúp.
Kerfisáætlun Landsnets, drög fyrir 2015-2024	Áætlun um uppbyggingu flutningskerfisins með 10 ára langtímaáætlun og 3 ára framkvæmdáætlun. Í drögunum er bent á nauðsyn þess að hringtengja raforkukerfið á Vestfjörðum og styrkja tengingu þess við meginflutningskerfi landsins.
Þingsályktun um náttúruverndaráætlun 2004–2008 og 2009–2013 (Alþingi 2004 og 2009)	Engar tillögur innan skipulagssvæðisins.
Náttúrumínjaskrá, (Náttúruverndarráð 1996)	Á Náttúrumínjaskrá eru friðlýst svæði og aðrar náttúrumínjar. Um friðlýst svæði gilda reglur sem auglýstar hafa verið í Stjórnartíðindum. Um aðrar náttúrumínjar á náttúrumínjaskrá gildir að leita skal umsagna og tilkynna Umhverfisstofnun um framkvæmdir þar sem hætta er á að þeim verði spiltt.
Líffræðileg fjölbreytni. Stefnumörkun Íslands um framkvæmd Samningsins um líffræðilega fjölbreytni (Ríkisstjórn Íslands 2008)	Stefnan miðar að því að vernda og endurheimta líffræðilega fjölbreytni Íslands og koma í veg fyrir frekari skerðingu hennar, tryggja sjálfbæra nýtingu lífríkisins og endurheimta þá þætti þess sem spillst hafa eða horfið vegna umsvifa mannsins.
Vernd og endurheimt íslenskra birkiskóga. Skýrsla og tillögur nefndar (Umhverfisráðuneytið 2007)	Í skýrslunni er lagt til að beitarstýring verði aukin. Ennfremur að unnið verði að friðun birkiskóga og að sett verði opinbert markmið um að birkiskógar þeki í framtíðinni 10% af flatarmáli landsins og að birkir verði gróðursett í auknum mæli á skógræktarsvæðum þar sem lögð hefur verið áhersla á innfluttar tegundir.

Bingsályktun um Landgræðsluáætlun 2003-2014 (Alþingi 2002)	Markmið landgræðslustarfars séu að: stöðva hraðfara jarðvegsrof og gróðureyðingu og fyrirbyggja frekari eyðingu og landspjöll; byggja upp gróður og jarðveg í samræmi við gróðurskilyrði og landnýtingarþörf; binda kolefni í gróðri og jarðvegi til mótvægis við losun gróðurhúsalofttegunda og að öll landnýting verði sjálfbær.	
Stefnumörkun í loftslagsmálum (umhverfisráðuneytið 2008)	Stefna um að íslensk stjórnvöld standi við alþjóðlegar skuldbindingar sínar innan ramma Loftslagssamnings Sameinuðu þjóðanna og Kyoto-bókunarinnar. Leitað verði leiða til að minnka losun gróðurhúsalofttegunda. Markvisst verði stuðlað að samdrætti í notkun jarðefnaeldsneytis, en þess í stað nýtt endurnýjanleg orka og loftslagsvænt eldsneyti. Stuðlað verði að aukinni bindingu kolefnis úr andrúmslofti með skógrækt og landgræðslu, endurheimt votlendis og breyttri landnotkun. Undirbún verði aðlögun að loftslagsbreytingum jafnhliða því sem leitað verður leiða til að draga úr hráða þeirra og styrkleika.	
Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum 2010-2020 (Ríkisstjórn 2010)	Aðgerðaáætluninni er ætlað að draga úr nettólosun gróðurhúsalofttegunda á Íslandi í því skyni að standa við stefnu stjórnvalda og skuldbindingar í loftslagsmálum. Þær aðgerðir sem geta varðað svæðisskipulagið eru: Efling göngu-, hjóreiða- og almenningssamgangna sem valkost í samgöngum; aukin skógrækt og landgræðsla; endurheimt votlendis.	
Alþjóðleg og evrópsk stefnuskjöl	Stefna sem varðar svæðisskipulagið	
Alþjóðasambykkt um fuglavernd (París 1950)	Allir villtir fuglar skulu verndaðir. Stjórnvöld mega veita undanþágu frá þessari almennu reglu í þágu vísinda og menntunar og hvað varðar vargfugla.	
Landslagssamningur Evrópu (Florence 2000)	Markmið samningsins eru að stuðla að verndun, stýringu og skipulagi landslags ásamt því að koma á fót evrópsku samstarfi um landslag. Samningurinn inniheldur m.a. almenn ákvæði um fjögur meginatriði: Að veita landslagi ákveðinn sess í lögum og viðurkenna mikilvægi þess í umhverfi landsins. Að móta og framfylgja stefnu um landslag sem miðar að verndun, nýtingu og skipulagi þess. Að tryggja aðkomu almennings o.fl. að mótu stefnu um landslag. Að huga að landslagi við aðra stefnumótun, svo sem í stefnu um byggðaþróun, menningarmál, landbúnað, félagsmál og efnahagsmál.	
Samningur um votlendi sem hafa alþjóðlegt gildi, einkum fyrir fuglalíf (Ramsar 1971)	Markmið samningsins er að stuðla að verndun og skynsamlegri nýtingu votlendissvæða í heiminum, sérstaklega sem lífsvæði fyrir votlendisfugla. Ekkert svæði á skipulagssvæðinu er á skrá samningsins yfir alþjóðlega mikilvæg votlendissvæði.	
Samningur um verndun villtra plantna og dýra og lífsvæða í Evrópu (Bern 1979)	Gera ber nauðsynlegar ráðstafanir til að viðhalsa eða aðlagu stofnstærð villtra dýra og plantna, í samræmi við vistfræðilegar, vísindalegar og menningarlegar kröfur.	
Samningur um líffræðilega fjölbreytni (Ríó 1992)	Vernda líffræðilega fjölbreytni og að stuðla að sjálfbærri nýtingu lifandi náttúruauðlinda.	
Ramasamningur Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar (Ríó de Janeiró 1992)	Stemmt verði stigu við auknum gróðurhúsaáhrifum með því að draga úr útstremi gróðurhúsalofttegunda af manna völdum og vernda og auka viðtaka og geyma (þ.e. lífmassa, skóga, höf og önnur vistkerfi á landi, á ströndum og í hafi) fyrir gróðurhúsalofttegundir.	
Samningur um verndun menningar- og náttúruarfleifðar heimsins (C 42/1995)	Skylda aðildarríkis til að skilgreina, vernda, varðveita, kynna og miðla til komandi kynslóða menningar- og náttúruarfleifð sem hefur sérstakt alþjóðlegt gildi og er á yfirráðasvæði þess.	
Velferð til framtíðar 2020 og Áherslur 2010-2013	Stefna um sjálfbæra þróun í íslensku samfélagi.	

4.5 UMHVERFI OG AÐSTÆDUR Á SVÆÐINU

UMHVERFISÞÆTTIR

Umhverfi og samfélagi á svæðinu er lýst í 5. kafla þessarar umhverfisskýrslu út frá helstu umhverfispáttum. Þættirnir samsvara skilgreiningu á umhverfi samkvæmt lögum um umhverfismat áætlana en þar er því lýst sem „Samheiti fyrir samfélag, heilbrigði manna, dýr, plöntur, líffræðilega fjölbreytni, jarðveg, jarðmyndanir, vatn, loft, veðurfar, eignir, menningarárfleifð, þ.m.t. byggingarsögulegar og fornleifafræðilegar minjar, og landslag og samspli þessara bátta.“

AUÐLINDIR OG SÉRKENNI Í LANDSLAGI OG SÖGU SVÆÐISINS

Tiltæk landupplýsingagögn voru nýtt til að setja fram kort af umhverfispáttum sem ná til auðlinda og sérkenna svæðisins í landslagi og sögu (kaflar 5.1-5.11). Það var gert í tvennum tilgangi: Annars vegar til að lýsa núverandi umhverfi í samræmi við lög um umhverfismat áætlana og hins vegar til að greina tækifæri til frekari þróunar atvinnulífs, einkum m.t.t. áherslugreina verkefnisins; landbúnaðar, sjávarnytja og ferðaþjónustu. Yfirlitnu og greiningunni er jafnframt ætlað að nýtast við endurskoðun aðalskipulags þegar þar að kemur.

Kort eru aðgengileg á verkefnisvefnum www.samtakamattur.is, svo íbúar og aðrir áhugasamir geti nýtt sér þau, t.d. í skólastarfi eða við þróun og kynningu á vörum eða þjónustu.

STAÐA OG ÁSKORANIR SAMFÉLAGA SVÆÐISINS

Til að lýsa stöðu og áskorunum samfélaga svæðisins var farið yfir íbúaþróun og þróun atvinnulífs sl. áratugi og stöðu innviða lýst (kaflar 5.12-5.16). Út frá því yfirliti voru greindar helstu áskoránir sem samfélag svæðisins sem heild stendur frammi fyrir, s.s. hvað varðar aldurssamsetningu íbúa, fjölbreytni atvinnulífs, framboð á þjónustu og stöðu stofnkerfa á svæðinu. Af þeirri greiningu voru dregnar ályktanir um viðfangsefni og áherslur fyrir svæðisskipulagsgerðina, m.t.t. áherslugreina verkefnisins; landbúnaðar, sjávarnytja og ferðaþjónustu. Yfirlitið myndar jafnframt grunn sem hægt er að bera líkleg áhrif af stefnu svæðisskipulagstillögunnar á samfélagið saman við.

4.6 STEFNA TIL MATS

Fyrir hvern umhverfispátt eru listuð þau stefnumið (markmið og/eða leiðir) sem talin eru geta haft áhrif á þáttinn og gerð grein fyrir hvort þau samræmast tilgreindum umhverfisviðmiðum og þar með talin jákvæð eða neikvæð. Áhersla er á að draga fram þau stefnumið sem teljast 1) „marka stefnu er varðar leyfisveitingar til framkvæmda sem tilgreindar eru í lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000“, sbr. 3. gr. laga um umhverfismat áætlana; og 2) sem talin eru geta valdið verulegum áhrifum.

4.7 VIÐMIÐ VIÐ MATIÐ

Til þess að meta hvort áhrif stefnunnar teljast jákvæð eða neikvæð var beitt viðmiðum í eftirfarandi töflu. Listinn er settur upp út frá þeim umhverfispáttum sem fjallað er um í 5. kafla en þáttunum lofti og veðurfari bætt við (sbr. skýringu í kafla 4.5). Listinn er unninn út frá umhverfisviðmiðum sem beitt var við mat á tillögu að landsskipulagsstefnu 2015-2026, sbr. lýsingu landsskipulagsstefnu frá

febrúar 2014.¹ Þau viðmið voru aftur byggð á stefnuskjölum á landsvísu og alþjóðavísu sem tilgreind eru í töflunni í kafla 4.4 hér að framan. Viðmiðin fyrir mat á svæðisskipulagstillögunni byggja þó einnig á landsskipulagsstefnunni sjálfbri enda telst umhverfismat þeirrar stefnu hafa sýnt að hún hafi jákvæð umhverfisáhrif², auk þess sem sveitarfélögum ber að fara eftir stefnunni. Tekin eru með þau viðmið sem talin eru eiga við viðfangsefni svæðisskipulagstillögunnar, en öðrum sleppt.

Umhverfisþættir	Umhverfisviðmið
Berggrunnur	<ul style="list-style-type: none">▪ Stefnan stuðlar að fjölbreytni jarðmyndana.
Jarðvegur	<ul style="list-style-type: none">▪ Stefnan stuðlar að því að nýting jarðvegs fari fram með sjálfbærum hætti.
Yfirborðsvatn	<ul style="list-style-type: none">▪ Stefnan stuðlar að því að nýting yfirborðsvatns fari fram með sjálfbærum hætti.▪ Stefnan gefur kost á að nýta orkulindir í dreifbýli með sjálfbærni og umhverfisvernd að leiðarljósi.
Grunnvatn	<ul style="list-style-type: none">▪ Stefnan stuðlar að því að nýting grunnvatns fari fram með sjálfbærum hætti.▪ Stefnan stuðlar að heilnæmu ferskvatni.
Jarðhiti	<ul style="list-style-type: none">▪ Stefnan gefur kost á að nýta orkulindir í dreifbýli með sjálfbærni og umhverfisvernd að leiðarljósi.
Sjór	<ul style="list-style-type: none">▪ Stefnan stuðlar að viðhaldi á heilbrigði, líffræðilegri fjölbreytni og framleiðslugetu hafsins og að skipulagsákvárdanir um staðbundna nýtingu á haf- og strandsvæðum byggist á vistkerfisnálgun og stuðli þannig að viðhaldi vistkerfa og sjálfbærri nýtingu auðlinda.
Loft og veðurfar	<ul style="list-style-type: none">▪ Stefnan stuðlar að heilnæmu andrúmslofti.▪ Stefnan stuðlar að því að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda.▪ Stefnan stuðlar að öryggi almennings gagnvart loftslagsbreytingum.
Gróður	<ul style="list-style-type: none">▪ Stefnan stuðlar að því að nýting gróðuraußlinda fari fram með sjálfbærum hætti.
Lífríki	<ul style="list-style-type: none">▪ Stefnan stuðlar að vernd náttúruminja og líffræðilegum fjölbreytileika.▪ Í stefnunni er gætt að því að byggð gangi ekki að óþörfu á svæði sem eru verðmæt vegna náttúruverndar.

¹ Landsskipulagsstefna 2015-2026. Lýsing.

[http://www.landsskipulag.is/media/landsskipulagsstefna/LSK1526_Lysingu_lokaskjal_m_Kapu_20140218-\(2\).pdf](http://www.landsskipulag.is/media/landsskipulagsstefna/LSK1526_Lysingu_lokaskjal_m_Kapu_20140218-(2).pdf)

² Landsskipulagsstefna 2015-2026. Umhverfismat. http://www.landsskipulag.is/media/lsk-tillaga-15-26-til-radherra/Umhverfismat_12_3_2015.pdf

	<ul style="list-style-type: none"> ▪ Stefnan stuðlar að endurheimt votlendis og annarra mikilvægra vistkerfa. ▪ Stefnan stuðlar að umhverfi án hættulegra efna. ▪ Stefnan stuðlar að því að nýting lífríkis fari fram með sjálfbærum hætti. 		<ul style="list-style-type: none"> ferðaþjónustu.
Landslag	<ul style="list-style-type: none"> ▪ Stefnan stuðlar að því að staðsetning og hönnun nýrra mannvirkja taki mið af byggingarhefðum, landslagi og staðháttum. ▪ Stefnan miðar að varðveislu náttúru- og menningargæða sem hafa staðbundið eða víðtækara gildi út frá sögu, náttúrfari eða menningu. 		<ul style="list-style-type: none"> ▪ Stefnan stuðlar að því að byggð gangi ekki að óþörfu á svæði sem eru verðmæt til landbúnaðar.
Minjar	<ul style="list-style-type: none"> ▪ Stefnan stuðlar að vernd menningarminja. 		<ul style="list-style-type: none"> ▪ Stefnan felur í sér sambætta stefnu um byggðapróun í þéttbýli og dreifbýli með áherslu á greiðar, öruggar og vistværar samgöngur og fjölbreyttan ferðamáta.
Sögur og sagnir	<ul style="list-style-type: none"> ▪ Stefnan stuðlar að verndun og varðveislu menningar og sögu sem felst m.a. í byggingararfi og landslagi. 		<ul style="list-style-type: none"> ▪ Í stefnunni er gætt að því að stofnkerfi er gætt að hagkvæmni varðandi samgöngur og veitur.
Mannauður og búseta, þ.m.t. íbúðar- og frístundabyggð	<ul style="list-style-type: none"> ▪ Stefnan stuðlar að samkeppnishæfni og eflingu samfélags og atvinnulífs. ▪ Stefnan miðar að því að styðja og styrkja samfélag viðkomandi byggðarlags með því að beina vexti að þeim kjörnum sem fyrir eru. ▪ Stefnan stuðlar að öruggri, aðgengilegri og vandaðri byggð í góðum tengslum við umhverfi og náttúru sem styður lifsgæði og heilbrigðan og sjálfbærar lífsstíl. ▪ Stefnan miðar almennt að afmörkuðum en samfelldum frístundabyggðarsvæðum sem gefi notendum þeirra kost á góðum tækifærum til útiveru um leið og gætt er að því að frístundabyggðin skerði ekki mikilvæg eða viðkvæm svæði með tilliti til landbúnaðar eða náttúruverndar. ▪ Stefnan stuðlar að góðum tækifærum til útvistar og tryggir rétt almennings að frjálsu aðgengi um náttúru landsins. ▪ Stefnan stuðlar að öryggi almennings gagnvart náttúrvá. 		<ul style="list-style-type: none"> ▪ Stefnan stuðlar að möguleikum á fjölbreyttri og hagkvæmri nýtingu landbúnaðarlands í sátt við umhverfið. ▪ Stefnan felur í sér sambætta stefnu um byggðapróun í þéttbýli og dreifbýli með áherslu á greiðar, öruggar og vistværar samgöngur og fjölbreyttan ferðamáta. ▪ Stefnan gefur kost á uppbyggingu fjarskiptamannvirkja til að tryggja örugga afhendingu raforku, um leið og gætt verði að áhrifum á náttúru og landslag. ▪ Stefnan gefur kost á uppbyggingu flutningsmannvirkja raforku sem tryggir örugga afhendingu raforku, um leið og tekið er tillit til áhrifa á náttúru og landslag. ▪ Stefnan stuðlar að því að mannvirkir vegna orkuvinnslu og orkuflutnings falli sem best að landslagi og annarri landnotkun. ▪ Tekin er afstaða til möguleika á orkuframleiðslu með vatnsafl, jarðvarma og vindorku í sátt við náttúru og samfélag.
Samfélags- þjónusta	<ul style="list-style-type: none"> ▪ Stefnan stuðlar að góðum búsetuskilyrðum og samkeppnishæfni byggða og bæja. ▪ Stefnan miðar að því að styðja og styrkja samfélag viðkomandi byggðarlags með því að beina vexti að þeim kjörnum sem fyrir eru. 		
Atvinnulíf	<ul style="list-style-type: none"> ▪ Stefnan stuðlar að því að skapa aðstæður fyrir grænt hagkerfi og fjölbreytt og samkeppnishæft atvinnulíf. ▪ Stefnan stuðlar að samkeppnishæfni og eflingu samfélags og atvinnulífs. ▪ Stefnan stuðlar að uppbyggingu atvinnulífs til framtíðar, með áherslu á gæði í hinu byggða umhverfi og öflugum innviðum. ▪ Stefnan stuðlar að því að viðhalda og efla sérstöðu Íslands sem áfangastaðar ferðamanna. ▪ Stefnan stuðlar að eflingu ferðaþjónustu í dreifbýli um leið og gætt er að því að varðveita þau gæði sem eru undirstaða 		

4.8 NÁKVÆMNI, GÖGN OG AÐFERÐIR

Áætlunin eru stefnumarkandi (e. strategic) og nákvæmni umhverfismats tekur mið af því. Byggt var á landfræðilegum gögnum sem safnað var saman frá opinberum stofnunum og sett eru fram á kortum í 5. kafla. Einnig var sótt í ritaðar heimildir sem varða einstök stefnumið, eftir því sem tilefni þótti til, sjá heimildaskrá. Ennfremur var byggt á sjónarmiðum og ábendingum sem fram komu á samráðsfundum og fundum svæðisskipulagsnefndar.

Skipulagsráðgjafar unnu drög að umhverfismati sem hér eru kynnt. Matið verður fullunnið með svæðisskipulagsnefnd eftir kynningar- og umsagnartíma í september-október 2017.

Í umhverfismatinu var notaður eftirfarandi skali til að lýsa samræmi við umhverfisviðmið og áhrifum á viðkomandi umhverfisþátt, en hann er sá sami og notaður var við mat á tillögu að landsskipulagsstefnu.

Tákn	Merking tákns
+	Samræmi – stefnan styður við viðkomandi umhverfisviðmið (jákvæð áhrif)
ó	Óverulegt – stefnan styður viðkomandi umhverfisviðmið að óverulegu leyti eða að hluta til
-	Ósamræmi – stefnan styður ekki eða gengur gegn viðkomandi umhverfisviðmiði (neikvæð áhrif)
áev	Á ekki við – stefnan tengist ekki umhverfisviðmiðinu með beinum hætti

4.9 HEILDARÁHRIF

Helstu niðurstöður matsins í heild, þegar horft er til allra umhverfisþáttta, eru dregnar saman í 6. kafla.


5 FORSENDUR OG UMHVERFISMAT

5.1 EFNI OG UPPBYGGING KAFLANS

5. kafli lýsir þeim forsendum sem svæðisskipulagstillagan er unnin út frá, dregur fram stefnumið tillögunnar í umhverfis- og skipulagsmálum sem eru líkleg til að hafa veruleg áhrif á umhverfi og samfélag og setur fram mat á eðli og vægi þeirra áhrifa. Hver undirkafli fjallar um einn umhverfisþátt (sbr. kafla 4.5).



Landsat gervitunglamynd frá Landmælingum Íslands



5.2 BERGGRUNNUR

Einkenni umhverfispáttar

- Berggrunnur svæðisins er einsleitur og gamall á íslenskan mælikvarða. Blágrýti, basískt gosberg, er algengast en það er dökkt og dulkornótt.
- Á afmörkuðum svæðum er súrt gosberg eða rýolít. Það er venjulega ljósgrátt, gulleitt eða bleikt á lit, dulkornótt eða glerkennt. Afbrigði af því eru hrafntinna, biksteinn og perlusteinn.³
- Basískt og súrt innskotsberg má finna á stöku stað, s.s. gabbró, dólerít og diórit.
- Merkilegar jarðmyndanir eru t.d. bogadregnir keilugangar, basaltinnskot (stuðlaberg), flikruberg, gabbróinniskot og berg úr hvítu anorthósíts. Hrapsey á Breiðafirði er einn helsti fundarstaður þess á Íslandi.⁴ Ýmsar jarðmyndanir í Breiðafirði njóta sérstakrar verndar.
- Á milli blágrytíslaganna eru víða surtarbrandslög, plöntu- og skeldýrasteingervingar sem bera vitni um hærri sjávarstöðu áður fyrr.

Núverandi nýting og frekari möguleikar

- Efni á svæðinu er helst notað í burðarlag og slitlag fyrir vegagerð. Mikið framboð er á burðarlagsefnum, en hörgull á slitlagsefni. Fáar steypuefnismámur er að finna á svæðinu.
- Grjót úr basaltlögum hentar t.d. í brimvarnir og varnargarða, auk vegagerðar.
- Í aðalskipulagi eru skilgreind 89 efnistökusvæði. Flest þeirra liggja nálægt vegum. Í Reykhólahreppi eru aðallega malarnámur og grjótnámur, setnámur í Dalabyggð og setnámur og storkubergsnámur í Strandabyggð. Í Reykhólahreppi er stefna um að kortleggja silfurbergs- og surtarbrandsnámur.

³ <http://www.namur.is/jardmyndanir-og-landslag/grunnur-lands/>

⁴ Verndaráætlun Breiðafjarðar


Umhverfismat: Áhrif svæðisskipulagstillögu á umhverfisþáttinn

Stefna sem varðar umhverfisþáttinn

- Í tillögunni er sett fram stefna um vegabætur og munu þær kalla á efnistöku, fyrst og fremst stefna um endurbætur á Skógarstrandarvegi en tillagan gerir jafnframt ráð fyrir úrbótum á Vestfjarðarvegi í Reykhólahreppi, en lega hans er ákveðin í aðalskipulagi sveitarfélagsins.
- Sú atvinnuþróun í landbúnaði, sjávarútvegi og ferðaþjónustu, sem tillagan hvetur til, kann að kalla á efnisnám innan svæðisins. Ákvörðun um efnistökusvæði er hinsvegar tekin í aðalskipulagi en ekki svæðisskipulagstillögunni sjálfri.
- Sett er fram að við deiliskipulagsgerð og veitingu bygginga- og framkvæmdaleyfa verði bess gætt að vandað verði til mannvirkjagerðar og umhverfismótunar. Tekið verði mið af landslagi og byggingarárfi, svo sem m.t.t. staðsetningar, forms, lita og efna. Leitað verði álits fagaðila eftir því sem ástæða þykir til. Staðinn verði vörður um lífríki, merkar jarðmyndanir og fornleifar, einkum þær sem segja sögu strandmenningar.
- Sett er fram stefna um að staðinn verður vörður um þau verndarsvæði sem skilgreind eru í gildandi aðalskipulagi sveitarfélaganna. Sum þeirra eru vernduð m.a. á grunni jarðmyndana.
- Stefnt er að verndun viðkævmra og sérstæðra strandsvæða, m.a. með afmörkun hverfisverndarsvæða í aðalskipulagi.

Mat á áhrifum stefnu

Umhverfisþáttur	Umhverfisviðmið
Berggrunnur	<ul style="list-style-type: none">▪ Stefnan stuðlar að fjölbreytni jarðmyndana.
Mat á samræmi við umhverfisviðmið	Skýring við mat
Ó	Svæðisskipulagstillagan tekur ekki til efnistökusvæða en mögulegar framkvæmdir sem hún felur í sér kunna að kalla á efnistöku. Til að tryggja að sú efnistaka raski ekki merkum jarðminjum var sett inn það viðmið að mannvirkjagerð raski ekki slíkum jarðmyndunum. Ekki er búist við að efnistakan verði af því umfangi að hún dragi úr fjölbreytni jarðmyndana. Tillagan gerir jafnframt ráð fyrir að staðinn verði vörður um núverandi verndarsvæði sem skilgreind eru í aðalskipulagi. Greining og samráð við mótu svæðisskipulagstillögunnar leiddi ekki fram ný svæði sem ástæða þótti til að vernda vegna jarðmyndana.



5.3 JARÐVEGUR

Einkenni auðlindar / umhverfisþáttar

- Á svæðinu er aðallega sortujörð en það er eldfjallajarðvegur sem er algengasta jarðvegstegund á Íslandi. Sortujörð á svæðinu skiptist í brúnjörð, votjörð og svartjörð. Henni er hætt við rofi þegar hún er illa varin af gróðri.⁵
- Glerjörð, þ.e. tegundir hennar melajörð og malarjörð, sem einnig er eldfjallajarðvegur, er að finna á svæðinu upp til fjalla og heiða þar sem er lítt gróið land.
- Á votlendissvæðum er mójörð, með háu hlutfalli lífrænna efna (>20%).
- Leirmagn er mest í sortujörð af gerðinni votjörð og brúnjörð.⁶
- Í Döllum er mesta magn af hvarfleir sem vitað er um hérlandis og finnst leirinn víða í dalbotnum og sjávarbökkum. Leirinn er grár að lit og að uppruna jökulgormur, sem jökulár hafa borið til sjávar og hann síðan fallið til botns. Samfelld leirsvæði eru fyrir botni Hvammsfjarðar, einkum í Hörðudal, Miðdöllum, Laxárdal og Ytri-Fagradal og er svokallaður Fagradalsleir myndaður á þennan hátt. Talið er að um 40 milljónir tonna af leir séu í mynni Laxárdals.

Núverandi nýting og frekari möguleikar

- Túnrækt er fyrst og fremst á sortujörð, svo og skógrækt, en einnig á mójörð.
- Í kjarr- og skóglendi má búast við að jarðvegurinn sé að auka hlutfall sitt af lífrænum efnunum.
- Fagradalsleir hefur verið unnninn á Skarðsströnd. Leirinn hefur m.a. verið notaður í keramik og mögulegt væri að nýta hann frekar.

⁵<http://gatt.lmi.is/geoportal122/catalog/search/resource/details.page?uuid=%7B4B523D53-AD96-4D93-A012-7185974905AF%7D>

⁶http://www.moldin.net/uploads/3/9/3/3/39332633/jardvegskort_2.pdf


Umhverfismat: Áhrif svæðisskipulagstillögu á umhverfisþáttinn

Stefna sem varðar umhverfisþáttinn

- Svæðisskipulagstillagan miðar að því að sauðfjárþúskapur verði áfram helsta aðalsmerki héraðsins og að greinin verði stunduð þannig að staðinn verði vörður um þau náttúrugæði og auðlindir sem landbúnaðarframleiðslan byggir á og þær nýttar með sjálfbærum hætti. Þannig verði farið vel með land og lífríki. Við aðalskipulagsgerð verði land greint m.t.t. hentugleika til ræktunar með það að markmiði að vernda slíkt land með afmörkun og ákvæðum í aðalskipulagi.
- Sett er fram stefna um verndun votlendis og merkra birkiskóga svæðisins, m.a. með afmörkun hverfisverndarsvæða í aðalskipulagi. Stefnt er að eflingu skógræktar sem landbúnaðargreinar en þess verði gætt að gott landbúnaðarland m.t.t. annars ræktungargildis og beitar verði ekki tekið undir skógrækt. .
- Stefna um þróun svæðisbundinnar gönguleiðar og reiðleiðar kann að valda álagi á gróður og jarðveg ef umferð verður mikil eða farið er um viðkvæm svæði. En hún er jafnframt til þess fallin að stýra umferð frá viðkvæmum svæðum.

Mat á áhrifum stefnu

Umhverfisþáttur	Umhverfisviðmið
Jarðvegur	<ul style="list-style-type: none">▪ Stefnan stuðlar að því að nýting jarðvegs fari fram með sjálfbærum hætti.
Mat á samræmi við umhverfisviðmið	Skýring við mat
+	Stefna svæðisskipulagstillögunnar miðar að góðri umgengni við land, þ.m.t. jarðveg. Til að tryggja það enn betur var orðinu „jarðvegur“ bætt inn í þar sem fjallað er um nýtingu auðlinda og umgengni við náttúru og landslag.



5.4 YFIRBORÐSVATN

Einkenni auðlindar / umhverfisþáttar

- Yfirborðsvatn er mikið á svæðinu enda berggrunnur þéttur.
- Vötn á heiðum eru mörg og þær er silung víða að finna.
- Stórar og smáar dragár, lækir og fossar eru um allt svæðið. Rennsli áんな er mjög háð veðurfari, þær vaxa fljótt í rigningum en þorna í þurrum og frostum. Hitastig þeirra fylgir því yfirleitt lofthita og þær verða oft kolmórauðar af framburði í vatnavöxtum.⁷
- Dýrmætar og þekktar veiðíár eru á svæðinu, margar í Döllum en einnig í Strandabyggð og Reykhólahreppi.
- Syðsti hluti Drangajökuls markar nyrsta odda svæðisins. Að honum má t.d. komast frá Kaldalóni. Jökullinn er sá fimmti stærsti á Íslandi og hefur hopað minna síðustu ár en aðrir jöklar landsins.⁸

Núverandi nýting og frekari möguleikar

- Svæðið býður upp á fjölbreytta upplifun og nýtingu í tengslum við vatn og veiði.
- Lax- og silungsveiði er víða í ám og vötnum. Veiðin er ein af þeim hlunnindum sem í dag gefa hvað mestar tekjur.⁹
- Margir litlir fossar bjóða upp á áhugaverða upplifun víða um svæðið.
- Farið er gangandi, á vélsléðum og vel útbúnum jeppum á Drangajökul og hefur hann því þýðingu fyrir ferðaþjónustu og útvist á svæðinu.

⁷ <http://www.ni.is/jord/vatn/ar-og-votn>

⁸ http://utgafa.ni.is/Arsskyrslur/NI_Arsskyrsla_2015.pdf

⁹ <http://www.angling.is/is/>

Umhverfismat: Áhrif svæðisskipulagstillögu á umhverfisþáttinn

Stefna sem varðar umhverfisþáttinn

- Sett er fram stefna um að nýta auðlindir svæðisins frekar en þegar er gert í tengslum við landbúnað, sjávarnytjar og ferðaþjónustu en jafnframt að standa vörð um þau náttúrugæði og auðlindir sem þessar meginatvinnugreinar svæðisins byggja á. Auðlindir verði nýttar með sjálfbærum hætti, hvort heldur sem þær eru á landi, grunnsævi eða í sjó.

Mat á áhrifum stefnu

Umhverfisþáttur	Umhverfisviðmið
Yfirborðsvatn	<ul style="list-style-type: none">▪ Stefnan stuðlar að því að nýting yfirborðsvatns fari fram með sjálfbærum hætti.▪ Stefnan gefur kost á að nýta orkulindir í dreifbýli með sjálfbærni og umhverfisvernd að leiðarljósi.
Mat á samræmi við umhverfisviðmið	Skýring við mat
+	Stefna svæðisskipulagstillögunnar miðar að sjálfbærri nýtingu auðlinda svæðisins, þ.m.t. yfirborðsvatns. Ekki er mörkuð stefna um einstakar framkvæmdir, s.s. á sviði orkuvinnslu, heldur gert ráð fyrir að um þær sé fjallað í aðalskipulagi hvers sveitarfélags innan þeirra almennu stefnu sem svæðisskipulagið setur.



5.5 GRUNNVATN

Einkenni auðlindar / umhverfisþáttar

- Berggrunnur svæðisins er nokkuð þéttur á íslenskan mælikvarða sem gerir það að verkum að lítil lekt er á svæðinu og grunnvatn flæðir illa í gegnum jarðög, sérstaklega þar sem berg er eldra.
- Grunn- og yfirborðsvatnshlot á svæðinu eru ekki talin í hætta skv. landsþekjandi stöðuskýrslu Umhverfisstofnunar frá 2013.
- Á Breiðafjarðareyjum er jarðvegur víðast hvar grunnur sem veldur vatnsskorti og eru myrar helstu forðabúr neysluvatns á eyjunum.

Núverandi nýting og frekari möguleikar

- Á svæðinu eru bæði samveitur og einkaveitur. Fyrir flestar samveitur hafa verið afmörkuð vatnsverndarsvæði (brunnsvæði, grannsvæði og fjarsvæði) í aðalskipulagi.
- Litlar rannsóknir hafa verið gerðar á neysluvatnsmálum á svæðinu en alvarleg vandamál eru ekki þekkt. Möguleikar til frekari nýtingar fyrir íbúa og atvinnulíf ættu því að vera góðir.
- Vatn til matvælaframleiðslu er gott og mögulegt er að auka umsvif framleiðslu á svæðinu.


Umhverfismat: Áhrif svæðisskipulagstillögu á umhverfispáttinn

Stefna sem varðar umhverfispáttinn

- Sett er fram stefna um að nýta auðlindir svæðisins frekar en þegar er gert í tengslum við landbúnað, sjávarnytjar og ferðaþjónustu en jafnframt að standa vörð um þau náttúrugæði og auðlindir sem þessar meginatvinnugreinar svæðisins byggja á. Auðlindir verði nýttar með sjálfbærum hætti, hvort heldur sem þær eru á landi, grunnsævi eða í sjó.
- Sett er fram stefna um að standa vörð um þau verndarsvæði sem skilgreind hafa verið í aðalskipulagi sveitarfélaganna og að tekið verði mið af vatnsskorti í Breiðafjarðareyjum við þróun ferðaþjónustu í Flatey.

Mat á áhrifum stefnu

Umhverfispáttur	Umhverfisviðmið
Grunnvatn	<ul style="list-style-type: none">▪ Stefnan stuðlar að því að nýting grunnvatns fari fram með sjálfbærum hætti.▪ Stefnan stuðlar að heilnæmu ferskvatni.
Mat á samræmi við umhverfisviðmið	Skýring við mat
+	Stefna svæðisskipulagstillögunnar miðar að sjálfbærri nýtingu auðlinda svæðisins, þ.m.t. grunnvatns. Aukin uppbygging í samræmi við stefnu um áherslugreinar svæðisskipulagstillögunnar kann að kalla á aukna nýtingu grunnvatns og afmörkun nýrra vatnsverndarsvæða. Ekki er mörkuð stefna um einstök vatnsverndarsvæði í svæðisskipulaginu heldur gert ráð fyrir að þau séu áfram skilgreind í aðalskipulagi hvers sveitarfélags.



5.6 JARÐHITI

Einkenni auðlindar / umhverfispáttar

- Ekki hefur gosið á svæðinu í nokkrar milljónir ára og berglög svæðisins eru gömul á íslenskan mælikvarða. Þau eru elst nyrst og yngjast þegar sunnar dregur.
- Á svæðinu er þó að finna nokkurn jarðhita sem er áhugavert í ljósi þess að jarðhiti er yfirleitt tengdur eldvirkni. Tilgáta er um að þetta séu leifar fornjarðhita sem var virkur fyrir milljónum ára þegar svæðið var eldvirkrt.¹⁰ Kulnaðar megineldstöðvar eru við Reiphólsfjöll, Króksfjörð, Flatey, Hrappsey, Sælingsdal og Kollafjörð.
- Víða má finna lághitasvæði, hveri og laugar, jafnvel í fjörum og sjó sem er mjög sérstakt.

Núverandi nýting og frekari möguleikar

- Jarðhiti er einn grundvöllur börungaverksmiðju og saltverksmiðju á Reykhólum. Þar er einnig allt húsnæði hitað með jarðhita.
- Hitaveita Dalabyggðar nýtir jarðhitavatn í Reykjadal og er það leitt til Búðardals. Þar eru frekari nýtingarmöguleikar í framtíðinni. Auk þess er hitaveita á Laugum í Sælingsdal. Í Strandabyggð er jarðhiti á nokkrum stöðum og borað hefur verið víða en ákvörðun um framkvæmdir hefur ekki verið tekin.¹¹
- Stefna aðalskipulags sveitarfélaganna er að sem stærstur hluti byggðar á svæðinu njóti hitaveitu.
- Sundlaugar með jarðhitavatni eru á Reykhólum, í Búðardal, Sælingsdal og Djúpadal. Náttúrlaugar sem hafa verið nýttar til baða er t.d. að finna í Sælingsdal og Fellsendaskógi.
- Mögulegt væri að nýta jarðhitann til uppbyggingar fjölbreyttrar heilsutengdrar ferðabjónustu en vírir að henni eru þaraböð á Reykhólum. Þar hafa jafnframt verið uppi hugmyndir um frekari uppbyggingu á þeim nótum.

¹⁰ <http://www.visindavefur.is/svar.php?id=70356>

¹¹ www.strandabyggd.is, glærur um hitaveitu á Hólmavík á almennum fundi Atvest í febrúar 2016


Umhverfismat: Áhrif svæðisskipulagstillögu á umhverfisþáttinn

Stefna sem varðar umhverfisþáttinn

- Sett er fram stefna um að nýta auðlindir svæðisins frekar en þegar er gert í tengslum við landbúnað, sjávarnytjar og ferðaþjónustu en jafnframt að standa vörð um þau náttúrugæði og auðlindir sem þessar meginatvinnugreinar svæðisins byggja á. Auðlindir verði nýttar með sjálfbærum hætti, hvort heldur sem þær eru á landi, grunnsævi eða í sjó.
- Stefnt er að því að kanna möguleika til nýtingar jarðhita til þróunar í landbúnaði, s.s. fyrir ylrækt og smáíðnað, og til framleiðslu á vönduðum, hreinum sjávarrafurðum. Einnig til eflingar ferðaþjónustu, s.s. með áframhaldandi þróun þarabaðstaðar á Reykhólum. Á þeim grunni verði mörkuð stefna í aðalskipulagi.
- Stefnt er að því að sem stærstur hluti byggðar á svæðinu njóti hitaveitu og í þeim tilgangi verði rannsóknum á jarðhita og mögulegri nýtingu hans til húshitunar framhaldið.

Mat á áhrifum stefnu

Umhverfisþáttur	Umhverfisviðmið
Jarðhiti	<ul style="list-style-type: none">▪ Stefnan gefur kost á að nýta orkulindir í dreifbýli með sjálfbærni og umhverfisvernd að leiðarljósi.
Mat á samræmi við umhverfisviðmið	Skýring við mat
+	Stefna svæðisskipulagstillögunnar miðar að aukinni nýtingu jarðhita með sjálfbærum hætti.



5.7 SJÓR

Einkenni auðlindar / umhverfisþáttar

- Svæðið liggr fyrir botni þriggja stórra fjarða eða flóa; Breiðafjarðar, Ísafjarðardjúps og Húnaflóa. Auk þess skerast inn í svæðið fjölmargir stórir og smáir firðir.
- Breiðafjörður er verndað hafsvæði enda er landslag og lífríki þar einstakt, sem og búsetusaga. Fjörðurinn er stærsta grunnsævi landsins og mikill munur er á flóði og fjöru, eða allt að 5 m á stórstraumi. Fyrir vikið skapast nýtt landslag á hverjum degi; sker, hólmar og leirur risa úr sæ og sökkva sama sólarhringinn. Við þessar aðstæður hefur skapast fjölbreytt og mikið lífríkið (sjá kafla um lífríki) sem hefur gefið ýmiskonar hlunnindi fyrir sveitirnar í kring og veitt möguleika á búsetu í eyjunum. Jarðhiti í sjó og fjörum er óvíða meiri.¹² Í Breiðafirði eru miklir „baraskógar“ og meira en helmingur af grjót- og klettaströnd landsins þar sem mikil framleiðsla er á þangi, s.s. bólubangi og klóþangi.¹³ Sigling um Breiðafjörð getur verið hættuleg vegna strauma. Í Breiðafirði er mest hreyfiorka sjávarfalla við Íslands, sérstaklega í mynni Hvammsfjarðar.¹⁴
- Ísafjarðardjúp klýfur nánast Vestfjarðakjálkann í sundur og er einn dýpsti fjörður landsins. Dýpið er þó talsvert minna innst í Ísafirði, sem er langur og mjór og markar norðvestur enda svæðisins.
- Húnaflói greinir Vestfirði frá Norðurlandi og þar er mikið misdýpi. Vesturhluti Húnaflóa sem liggr að svæðinu skerst inn í landið með þremur mjóum fjörðum, tveimur alldjúpum, Steingrímsfirði og Bitrifirði og einum mjög grunnum, Kollafirði.¹⁵ Við flóann er reki algengur, sellátur eru víða og stundum má koma auga á hval.

Núverandi nýting og frekari möguleikar

- Hafnir eru í þorpunum þremur og við Breiðafjörð eru víða smærri bryggjur og lendingar eða minjar um slík mannvirki.
- Við strönd og á sjó er fjölbreytt nýting hlunninda, s.s. rekaviðar, þara, þangs, sölva, fjörugróurs, salts, skelfisks, sels, æðardúns og eggja. Saltverksmiðja og þörungaverksmiðja eru á Reykhólum. Möguleikar liggja í frekari vöruþróun úr því hráefni.

¹² <http://breidafjordur.is/Breidafjardarnefnd/Verndaraætlun/index.htm>

¹³ https://www.umhverfisraduneyti.is/media/PDF_skrar/Hvitbok_naturuvernd_03.pdf

¹⁴ Starfshópur um sjávarorku (2015). Greinargerð um mat á umfangi og nýtingarmöguleikum sjávarorku.

¹⁵ <http://firdir.hafro.is/firdir-a-island/vestfirdirstrandir/>

- Fiskveiðar eru frá Hólmavík, Skarðsstöð á Skarðsströnd og og lítilsháttar á Reykhólum. Meðal tegunda sem veiðast á svæðinu eru ýsa, þorskur, hrognkelsi, flatfiskur, rækja, hörpudiskur og beitukóngur. Fiskvinnsla er í Búðardal og fiskmarkaður ograðkjuvinnsla á Hólmavík.
- Kræklingaveiðar og -rækt er stunduð í Hvammsfirði, Gilsfirði og Steingrímsfirði.¹⁶

Umhverfismat: Áhrif svæðisskipulagstillögu á umhverfispáttinn

Stefna sem varðar umhverfispáttinn

- Sett er fram stefna um að nýta auðlindir svæðisins frekar en þegar er gert í tengslum við landbúnað, sjávarnytjar og ferðaþjónustu en jafnframt að standa vörð um þau náttúrugæði og auðlindir sem þessar meginatvinnugreinar svæðisins byggja á. Auðlindir verði nýttar með sjálfbærum hætti, hvort heldur þær sem eru á landi, grunnsævi eða í sjó.
- Sett er fram stefna um að heilbrigði, líffræðileg fjölbreytni og framleiðslugeta haf- og strandsvæða viðhaldist. Í þeim tilgangi er skilgreint verkefni sem snýr að kortlagningu mögulegra nýtingarsvæða mismunandi sjávar- og strandauðlinda þannig að yfirsýn fáist yfir auðlindirnar og sampil þeirra. Einnig svo stuðla megi að vel ígrunduðum ákvörðunum um sjálfbæra nýtingu og að góðri stjórnun við framleiðslu. Forgangsverkefni verði kortlagning þaratökusvæða og saltvinnslusvæða. Á þeim grunni verði tekin ákvörðun um frekari stefnumótun fyrir þang- og saltvinnslu.
- Stefnt er að verndun viðkvæmra og sérstæðra strandsvæða, m.a. með afmörkun hverfisverndarsvæða í aðalskipulagi.
- Sett er fram stefna um að reisa fuglaskoðunarskýli á völdum stöðum ökuleið eftir strönd Breiðafjarðar. Staðir fyrir skýlin verði ákveðnir í samráði við landeigendur og ferðaþjónustuaðila.
- Sett er fram krafa um að við deiliskipulagsgerð og veitingu bygginga- og framkvæmdaleyfa á strandsvæðum verði þess gætt að vandað verði til mannvirkjagerðar og umhverfismótunar. Tekið verði mið af landslagi og byggingarárfi, svo sem m.t.t. staðsetningar, forms, lita og efna. Leitað verði álits fagaðila eftir því sem ástæða þykir til. Staðinn verði vörður um lífríki, jarðveg, merkar jarðmyndanir og fornleifar.

Mat á áhrifum stefnu

Umhverfispáttur	Umhverfisviðmið
Sjór	<ul style="list-style-type: none"> Stefnan stuðlar að viðhaldi á heilbrigði, líffræðilegri fjölbreytni og framleiðslugetu hafsins og að skipulagsákvarðanir um staðbundna nýtingu á haf- og strandsvæðum byggist á vistkerfisálgun og stuðli bannig að viðhaldi vistkerfa og sjálfbærri nýtingu auðlinda.
Mat á samræmi við umhverfisviðmið	<p>Skýring við mat</p> <p>+</p> <p>Stefna svæðisskipulagstillögunnar miðar að sjálfbærri nýtingu auðlinda sjávar og að viðhalsa heilbrigði, líffræðilegri fjölbreytni og framleiðslugetu haf- og strandsvæða. Ekki er talið að staðsetning fuglaskoðunarskýla við strönd geti valdið verulegum umhverfisáhrifum en við ákvörðun um staðsetningu beirra og útfærslu er gerð krafa um tekið sé tillit til lífríkis auk landslags, jarðvegs, merkra jarðmyndana, fornleifa og byggingarárfs. Svæðisskipulagstagan gerir ráð fyrir að staðsetning áningarstaða, þ.m.t fuglaskýla, verði mótuð í aðalskipulagi, t.d. með því að setja viðmið fyrir staðsetningu minni áningarstaða en skilgreina staðsetningu stærri áningarstaða, s.s. þar sem eru áformuð bílastæði og salerni eða önnur meiri mannvirkjagerð.</p>

¹⁶ <http://www.mast.is/matvaelastofnun/eftirlitsnidurstodur/skelfiskur/>



5.8 LOFT OG VEDURFAR

Einkenni auðlindar / umhverfisþáttar

Ekki þótti ástæða til að kortleggja þessa umhverfisþætti m.v. efni og umfang svæðisskipulagstillögunnar. Hreinleiki lofts og annars umhverfis á svæðinu er þó auðlind sem er dýrmæt fyrir allar áherslugreinar svæðisskipulagsins; landbúnað, sjávarnytjar og ferðaþjónustu.

Núverandi nýting og frekari möguleikar

Á samráðsfundum sem haldnir voru við móturn svæðisskipulagstillögunnar kom fram að hreinleiki svæðisins væri auðlind sekki mætti spilla.


Umhverfismat: Áhrif svæðisskipulagstillögu á umhverfispáttinn

Stefna sem varðar umhverfispáttinn

- Sett er fram markmið um að svæðið verði þekkt fyrir hágæða, hreinar landbúnaðarvörur. Þannig verði stuðlað að nýsköpun og vörupróun í landbúnaði sem byggir á gæðum og hreinleika hefðbundinnar landbúnaðarvöru og sjálfbærri nýtingu hlunninda.
- Sett er fram stefna um að efla skógrækt sem landbúnaðargrein en þess verði gætt að gott landbúnaðarland m.t.t. annars ræktungargildis og beitar verði ekki tekið undir skógrækt.
- Sett er fram markmið um nýsköpun og þróun vara úr hráefni úr sjó og af strandsvæðum, um leið og þess er gætt að viðhalda hreinleika svæðisins og heilbrigði vistkerfa. Framleiddar verði hágæða, hreinar vörur með sjálfbærri nýtingu auðlinda sjávar og grunnsævis svæðisins.
- Sett er fram tillaga um þemu og söguþræði fyrir ferðaleiðir til nánari útfærslu við vörupróun, uppbyggingu, kynningu og markaðssetningu. Í því samhengi er lagt til að eitt af þemunum fyrir svokallaða Vesturslaufu/Vesturáttu verði jöklar og loftslagsmál.

Mat á áhrifum stefnu

Umhverfispáttur	Umhverfisviðmið
Loft og veðurfar	<ul style="list-style-type: none">▪ Stefnan stuðlar að heilnæmu andrúmslofti.▪ Stefnan stuðlar að því að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda.▪ Stefnan stuðlar að öryggi almennings gagnvart loftslagsbreytingum.
Mat á samræmi við umhverfisviðmið	<p>Skýring við mat</p> <p>Svæðisskipulagstillagan miðar að því að viðhalda hreinleika svæðisins með því að stuðla að atvinnuþróun sem byggir m.a. á hreinleikanum, þ.m.t. heilnæmu andrúmslofti. Stefna um frekari uppbyggingu í ferðaþjónustu á svæðinu, sem svæðisskipulagstillagan boðar, kann að valda aukinni losun gróðurhúsalofttegunda vegna aukinnar umferðar bifreiða. Stefna um aukna skógrækt og þar með bindingu kolefnis kann að vega þar upp á móti. Tillagan markar ekki stefnu um íbúðarsvæði eða aðra landnotkun af þeiri nákvæmni að hægt sé að segja til um hvort hún stuðli að öryggi almennings gagnvart loftslagsbreytingum, t.d. vegna sjávar- eða vatnsflóða. Varðandi það er vísað til aðalskipulagsgerðar.</p>



5.9 GRÓÐUR

Einkenni auðlindar / umhverfisþáttar

- Mó- og graslendi með smágerðum gróðri er ríkjandi á láglendi. Votlendi er að finna við Hvammsfjörð og í döllum upp frá honum, á vestanverðri Skarðsströnd og við strönd Reykhólasveitar. Þau eru mikilvæg vistkerfi með fjölskrúðugu fuglalífi. Votlendi er einnig inn til landsins, s.s. í grennd við Laxárdalsheiði og á milli Steinþímsfjarðar og Bitrufjarðar. Upp til fjalla og heiða er annars ýmist mosi eða lítt gróið land. Tún eru við strendur og inn til dala.
- Eyjar á svæðinu eru grösugar og sumar með gróskumiklum hvannaskóggum.¹⁷ Gróðurfar er fjölbreyttara í eyjum nær landi en þeim sem eru fjær.
- Á svæðinu eru verulegir og merkilegir sjálfsánir birkiskógar og kjarr. Þeir eru lykilvistkerfi í náttúru Íslands og leifar af skóginum sem þakti e.t.v. 25-40% lands fyrir landnám.¹⁸ Samkvæmt gagnagrunni Skógræktarinnar 2014 eru alls 18.612 ha birkis á svæðinu sem skiptist þannig: 3.620 ha í Strandabyggð, 5.924 ha í Dalabyggð og 9.068 ha birki í Reykhólahreppi.¹⁹
- Berjalönd er víða með krækiberjum, bláberjum, aðalbláberjum og einnig má finna hrútaber í birkiskógunum. Þá er ætisveppi að finna á svæðinu. Af sjaldgæfum gróðri má nefna flæðarbúa, fléttuna mísanafla og brenninnetlu.

Núverandi nýting og frekari möguleikar

- Tún og beitarland gegna mikilvægu hlutverki fyrir landbúnað á svæðinu.
- Ber eru nýtt og hægt að nýta frekar.
- Nýræktun skóga, undir hatti Vesturlandsskóga og Skjólskóga á Vestfjörðum (nú Skógræktarinnar), er stunduð allvíða, mest í Dölunum.¹⁹
- Möguleikar eru til frekari túnræktar, beitar og nýræktunar skóga.

¹⁷<https://www.ust.is/einstaklingar/natura/fridlyst-svaeidi/vesturland/breidafjordur/>

¹⁸https://www.umhverfisraduneyti.is/media/PDF_skrar/Hvitbok_naturuvernd_03.pdf

¹⁹ Umsögn Skógræktarinnar um verkefnislýsingu svæðisskipulags.


Umhverfismat: Áhrif svæðisskipulagstillögu á umhverfispáttinn

Stefna sem varðar umhverfispáttinn

- Svæðisskipulagstillagan miðar að eflingu landbúnaðar og að sauðfjárbúskapur verði áfram helsta aðalsmerki héraðsins. Byggt er á að greinin verði stunduð þannig að staðinn verði vörður um þau náttúrugæði og auðlindir sem landbúnaðarframleiðslan byggir á og þær nýttar með sjálfbærum hætti. Þannig verði farið vel með land og lífríki. Við aðalskipulagsgerð verði land greint m.t.t. hentugleika til ræktunar með það að markmiði að vernda slíkt land með afmörkun og ákvæðum í aðalskipulagi.
- Sett er fram stefna um verndun votlendis og merkra birkiskóga svæðisins, m.a. með afmörkun hverfisverndarsvæða í aðalskipulagi. Stefnt er að eflingu skógræktar sem landbúnaðargreinar en bess verði gætt að gott landbúnaðarland m.t.t. annars ræktungargildis og beitar verði ekki tekið undir skógrækt.
- Stefna um þróun svæðisbundinnar gönguleiðar og reiðleiðar kann að valda álagi á gróður og jarðveg ef umferð verður mikil eða farið er um viðkvæm svæði.
- Sett er fram stefna um að komið verði í veg fyrir útbreiðslu ágengra plöntutegunda, s.s. lúpínu og kerfils, á beitilönd, berjalönd og grasalönd.

Mat á áhrifum stefnu

Umhverfispáttur	Umhverfisviðmið
Gróður	<ul style="list-style-type: none">▪ Stefnan stuðlar að því að nýting gróðurauðlinda fari fram með sjálfbærum hætti.
Mat á samræmi við umhverfisviðmið	Skýring við mat
+	Stefna svæðisskipulagstillögunnar miðar að því að staðinn sé vörður náttúrugæði og auðlindir sem landbúnaðarframleiðslan byggir á og þær nýttar með sjálfbærum hætti.



5.10 LÍFRÍKI

Einkenni auðlindar / umhverfispáttar

- Í hinum einstaka Breiðafirði hefur sampil eyja, skerja, grunnsævis og fjara skapað sérstakar aðstæður fyrir tegundarákt lífríki. Fjölskrúðugt lífríkið er enda ein meginforsenda verndunar Breiðafjarðar og á sér ekki sinn líka annars staðar við Ísland. Það á ekki síst við um fuglalíf sem aftur byggir afkomu sína á smádýrum í grunnsævinu. Þúsundir fugla eiga varpstöðvar í Breiðafirði og við hann.²⁰
- Hverfisverndarsvæði í aðalskipulagi eru flest skilgreind svo vegna lífríkis. Sama á við um mörg svæðanna sem eru á náttúruminjaskrá.
- Vötn, ár og votlendi eru einnig mikilvæg búsvæði fyrir lax, silung og fugla.
- Meirihlut hafnarstofnsins (70%) er við Breiðafjörð og í Króksfjarðarnesi er Arnarsetur Íslands. Um 160 þúsund rauðbrystingar koma við í Breiðafjörðinum á hverju vori á leið sinni til Grænlands og Kanada. Stundum má sjá tugi þúsunda þeirra í einum hópi taka upp af leirunum í leit að hvíldarstað yfir háflóð.
- Mikill fjöldi sela hefst við bæði í Breiðafirði og við Húnaflóá.
- Fulltrúar allra íslenskra landspendýra eru til staðar á svæðinu; tófa, minkur, hagamús, húsamús og brúnrotta.
- Á miðju svæðisins frá Saurbæ að Steingrímsfirði eru víða sýnileg steingervingalög með steingerðum plöntum, skordýrum og skeljum.

Núverandi nýting og frekari möguleikar

- Nýting æðardúns er mikilvæg tekjulind.
- Á svæðinu er stunduð skotveiði og stangveiði.
- Eggjanýting og selveiðar hafa lengi verið stundaðar, en mikið hefur dregið úr því.
- Svæðið býður upp á einstaka möguleika fyrir ferðaþjónustu tengdrí fuglaskoðun og annari náttúruskoðun.
- Rannsóknir á lífríki svæðisins eru mikilvægur þáttur fyrir ákvarðanir um verndun og nýtingu.

²⁰Verndaráætlun Breiðafjarðar 2014-2019.


Umhverfismat: Áhrif svæðisskipulagstillögu á umhverfispáttinn

Stefna sem varðar umhverfispáttinn

- Sett er fram stefna um að nýta auðlindir svæðisins frekar en þegar er gert í tengslum við landbúnað, sjávarnytjar og ferðapjónustu en jafnframt að standa vörð um þau náttúrugæði og auðlindir sem þessar meginatvinnugreinar svæðisins byggja á. Auðlindir verði nýttar með sjálfbærum hætti, hvort heldur sem þær eru á landi, grunnsævi eða í sjó.
- Sett er fram stefna um að heilbrigði, líffræðileg fjölbreytni og framleiðslugeta haf- og strandsvæða viðhaldist. Í þeim tilgangi er skilgreint verkefni sem snýr að kortlagningu mögulegra nýtingarsvæða mismunandi sjávar- og strandauðlinda þannig að yfirsýn fáist yfir auðlindirnar og samspil þeirra. Einnig svo stuðla megi að vel ígrunduðum ákvörðunum um sjálfbæra nýtingu og að góðri stjórnum við framleiðslu. Forgangsverkefni verði kortlagning paratökusvæða og saltvinnslusvæða. Á þeim grunni verði tekin ákvörðun um frekari stefnumótun fyrir þang- og saltvinnslu.
- Stefnt er að því að koma í veg fyrir útbreiðslu ágengra plöntutegunda, s.s. lúpínu og kerfils, á beitilönd, berjalönd og grasalönd.
- Stefnt er að verndun viðkvæmra og sérstæðra strandsvæða, m.a. með afmörkun hverfisverndarsvæða í aðalskipulagi.
- Stuðlað verði að verndun votlendis og merkra birkiskóga svæðisins, m.a. með afmörkun hverfisverndarsvæða í aðalskipulagi. Skoðað verði hvar endurheimta mætti votlendi.
- Sett er fram stefna um að í boði verði margskonar möguleikar til að njóta einstaks landslags og lífríkis svæðisins.
- Sett er fram stefna um svæðisbundið leiðakerfi ökuleiða ásamt gönguleið og reiðleið eftir endilöngu svæðinu. Á hverri leið verði áfangastaðir og áningastaðir sem ýta undir að gestir staldri við á svæðinu.
- Sett er fram krafa um að við deiliskipulagsgerð og veitingu bygginga- og framkvæmdaleyfa verði þess gætt að vandað verði til mannvirkjagerðar og umhverfismótunar. Tekið verði mið af lífríki auk landslags, jarðvegs, merkra jarðmyndana, fornleifa og byggingarárfs.
- Stefnt er að því að þroa áfram þarabaðstað á Reykhólum.

Mat á áhrifum stefnu

Umhverfispáttur	Umhverfisviðmið
Lífríki	<ul style="list-style-type: none"> ▪ Stefnan stuðlar að vernd náttúruminja og líffræðilegum fjölbreytileika. ▪ Í stefnunni er gætt að því að byggð gangi ekki að óþörfu á svæði sem eru verðmæt vegna náttúruverndar. ▪ Stefnan stuðlar að endurheimt votlendis og annarra mikilvægra vistkerfa. ▪ Stefnan stuðlar að umhverfi án hættulegra efna. ▪ Stefnan stuðlar að því að nýting lífríkis fari fram með sjálfbærum hætti.
Mat á samræmi við umhverfisviðmið	Skýring við mat
+	<p>Stefnan er talin samræmast öllum ofangreindum viðmiðum. Aukin nýting auðlinda svæðisins og uppbygging í ferðapjónustu, s.s. með áningarástöðum á ferðaleiðum, sem svæðisskipulagstillagan boðar kann að auka álag á lífríki en sett er fram stefna um að staðinn sé vörður um núverandi verndarsvæði og verðmæt vistkerfi eins og strandsvæði, birkiskóga og votlendi. Þá er fyrst og fremst gert ráð fyrir minniháttar aðstöðu á flestum áningarástöðum, s.s. skýlum og bekkjum og áhrif því ekki talin líkleg til að verða veruleg. Ennfremur er sett fram stefna um að við deiliskipulagsgerð og veitingu bygginga- og framkvæmdaleyfa verði þess gætt að vandað verði til mannvirkjagerðar og umhverfismótunar og tillit tekið til lífríkis auk fleiri þáttu.</p>



5.11 LANDSLAG

Einkenni auðlindar / umhverfispáttar

- Þróngir firðir sem liggja þétt saman, fjölmargir og langir dalir, óteljandi hólmar, eyjar og sker og fjölbreytt og mjög löng strandlengja eru sérkennandi fyrir svæðið. En þar er líka mikið fjalllendi og gróðursnauðar heiðar sem sumstaðar eru þaktar vötnum og tjörnum. Nyrst nær svæðið inn á Drangajökul sem er aðgengilegur frá Kaldalóni. Fjölbreytni landslags er því mikil og býður upp á margskonar upplifun. Mikill munur á flóði og fjöru við Breiðafjörð eykur á margbreytileikann þar sem nýtt landslag birtist við hver sjávarföll.²¹
- Aðgengilegar sandstrendur eru bæði við Breiðafjörð og Húnaflóa.
- Úr sveitunum meðfram ströndinni er víða afar fallegt útsýni til sjávar.
- Svæðið einkennist af friðsæld og ró.

Núverandi nýting og frekari möguleikar

- Nokkur þeirra svæða sem skilgreind eru sem hverfisverndarsvæði í aðalskipulagi njóta m.a. verndar sem slík vegna sérstæðs landslags.
- Þrátt fyrir há og brött fjöll víða er landslagið greiðfært og hentugt til fjallgangna, gönguferða á sumrin og gönguskiðaiðkunar á veturna.
- Svæðið hentar vel til fjöruferða.
- Breiðafjörðurinn býður upp á að upplifa eyja- og skerjalandslag sem finnst hvergi annars staðar á Íslandi.

²¹ Vendaráætlun Breiðafjarðar.


Umhverfismat: Áhrif svæðisskipulagstillögu á umhverfisþáttinn

Stefna sem varðar umhverfisþáttinn

- Sett er fram stefna um að nýta auðlindir svæðisins frekar en þegar er gert í tengslum við landbúnað, sjávarnytjar og ferðaþjónustu en jafnframt að standa vörð um þau náttúrugæði og auðlindir sem þessar meginatvinnugreinar svæðisins byggja á.
- Gert er ráð fyrir að við aðalskipulagsgerð verði land greint m.t.t. hentugleika til ræktunar með það að markmiði að vernda slíkt land með afmörkun og ákvæðum í aðalskipulagi.
- Stefnt er að viðhaldi landbúnaðarlandslags, s.s. með túnslætti og góðu viðhaldi landbúnaðarmannvirkja.
- Stefnt er að því að koma í veg fyrir útbreiðslu ágengra plöntutegunda, s.s. lúpínu og kerfils, á beitilönd, berjalönd og grasalönd.
- Stefnt er að verndun viðkvæmra og sérstæðra strandsvæða, m.a. með afmörkun hverfisverndarsvæða í aðalskipulagi.
- Sett er fram stefna um verndun votlendis og merkra birkiskóga svæðisins, m.a. með afmörkun hverfisverndarsvæða í aðalskipulagi. Skoðað verði hvar endurheimta mætti votlendi.
- Sett er fram stefna um að í boði verði margskonar möguleikar til að njóta einstaks landslags og lífríkis svæðisins.
- Sett er fram stefna um svæðisbundið leiðakerfi ökuleiða ásamt gönguleið og reiðleið eftir endilöngu svæðinu. Á hverri leið verði áfangastaðir og áningarstaðir sem ýta undir að gestir staldri við á svæðinu.
- Sett er fram stefna um að við deiliskipulagsgerð og veitingu bygginga- og framkvæmdaleyfa verði þess gætt að vandað verði til mannvirkjagerðar og umhverfismótunar. Tekið verði mið af lifríki auk landslags, jarðvegs, merkra jarðmyndana, fornleifa og byggingarárfs.
- Stefnt er að því að þróa áfram þarabaðstað á Reykhólum.

Mat á áhrifum stefnu

Umhverfisþáttur	Umhverfisviðmið
Landslag	<ul style="list-style-type: none"> ▪ Stefnan stuðlar að því að staðsetning og hönnun nýrra mannvirkja taki mið af byggingarhefðum, landslagi og staðháttum. ▪ Stefnan miðar að varðveislu náttúru- og menningargæða sem hafa staðbundið eða víðtækara gildi út frá sögu, náttúrfari eða menningu.
Mat á samræmi við umhverfisviðmið	Skýring við mat
+	<p>Svæðisskipulagstillagan er talin samræmast ofangreindum viðmiðum. Stefnan miðar að aukinni uppbyggingu á svæðinu og helstu ný mannvirkni í dreifbýli verða að líkindum tengd ferðaþjónustu/ferðamálum og í minna mæli landbúnaði. Í þéttbýli má vænta mannvirkja tengdum öllum áherslugreinum tillögunnar. Áhrif á landslag kunna því að verða einhver í báðum tilvikum en þau eru ekki talin veruleg þar sem fyrst og fremst gerð ráð fyrir minniháttar aðstöðu á flestum áningarástöðum, s.s. skýlum og bekkjum. Til að tryggja að tekið sé tillit til landslags við mannvirkjagerð er sett fram stefna þar um og einnig er sett fram stefna um viðhald tiltekinna landslagstegunda s.s. landbúnaðarlandslags og -mannvirkja, birkiskóga, votlendis og beiti-, berja- og grasalanda.</p>



5.12 MENNINGARMINJAR

Einkenni auðlindar / umhverfispáttar

- Ýmsar búskapar- og útgerðarminjar er að finna á svæðinu enda hefur það verið í byggð allt frá landnámi.
- 72 friðlýstar fornleifar eru á svæðinu sem er þó langt frá heildarfjölda minja.
- Áður fyrr var talsverð byggð í Breiðafjarðareyjunum, bæði fjölmennar verbúðir og merkilegur eyjabúskapur sem hefur nú að mestu lagst af. Í eyjunum var mikið menningarsamfélag á 18. og 19. öld. Fyrsta prentsmiðja landsins var reist í Hrappsey 1773 og fyrsta bókhlaðan í Flatey 1864. Flatey var jafnframt miðstöð verslunar á svæðinu.²²
- Miklar verstoðvar voru í Bjarnarey, Höskuldsey og á Oddbjarnarskeri. Sérstakt báatalag þróaðist á Breiðafirði og er það merkilegur strandmenningararfur.
- Tólf kirkjur á svæðinu eru friðlýstar auk húsa í Flatey, Brokey og á Hólmavík.
- Nokkrir staðir á svæðinu njóta hverfisverndar í aðalskipulagi vegna söguminja.

Núverandi nýting og frekari möguleikar

- Byggðasafn Dalamanna er að Laugum í Sælingsdal en sögusetur og sýningar eru að Eiríksstöðum í Haukadal, í Sauðfjársetrinu á Ströndum, í Galdrasafninu á Hólmavík, í Bátasafni Breiðafjarðar á Reykhólum og í gamla búnaðarskólanum í Ólafsdal.
- Mikilvægt er að vernda þann menningarað sem felst í minjum en þær geta jafnframt verið innblástur í vörupróun og markaðssetningu í ferðaþjónustu, landbúnaði og iðnaði.
- Allar fornleifar 100 ára og eldri njóta friðunar og þeim má ekki raska, sbr. 21. gr. laga um menningarminjar.

²² Verndaráætlun Breiðafjarðar.


Umhverfismat: Áhrif svæðisskipulagstillögu á umhverfisþáttinn

Stefna sem varðar umhverfisþáttinn

- Sett er fram stefna um að nýta auðlindir svæðisins frekar en þegar er gert í tengslum við landbúnað, sjávarnytjar og ferðaþjónustu en jafnframt að standa vörð um þau náttúrugæði og auðlindir sem þessar meginatvinnugreinar svæðisins byggja á.
- Sett er fram stefna um að í boði verði margskonar möguleikar til að njóta einstaks landslags svæðisins og komast í snertingu við mannlíf þess og sögu.
- Sett er fram stefna um svæðisbundið leiðakerfi ökuleiða ásamt gönguleið og reiðleið eftir endilöngu svæðinu. Á hverri leið verði áfangastaðir og áningarstaðir sem ýta undir að gestir staldri við á svæðinu. Stefnt er að því að áningarstaðir verði staðsettir og útfærðir m.t.t. söguþráða á hverri leið og snúa sumir þeirra að minjum og sögu.
- Sett er fram krafa um að við deiliskipulagsgerð og veitingu bygginga- og framkvæmdaleyfa verði þess gætt að vandað verði til mannvirkjagerðar og umhverfismótunar. Tekið verði mið af fornleifum og byggingarárifi o.fl. Leitað verði álits fagaðila eftir því sem ástæða þykir til.
- Sett er fram stefna um að staðinn verði vörður um fornleifar.
- Stefnt er að því að draga fram sérstöðu svæðisins í landslagi, sögu og menningu við umhverfismótun, mannvirkjagerð og vöruþróun.
- Stefnt er að því að standa vörð um verndarsvæði sem skilgreind eru í aðalskipulagi, þ.m.t. svæði sem njóta verndar vegna minja.

Mat á áhrifum stefnu

Umhverfisþáttur	Umhverfisviðmið
Minjar	<ul style="list-style-type: none"> ▪ Stefnan stuðlar að vernd menningarminja.
Mat á samræmi við umhverfisviðmið	Skýring við mat
+	<p>Svæðisskipulagstillagan miðar að því að nýta enn frekar menningu og sögu svæðisins sem innblástur við vörupróun, markaðssetningu, mannvirkjagerð og umhverfismótun. Í því samhengi er lögð áhersla á að vernda menningarminja svo þær nýtist við þróun atvinnugreina. Þannig er verndun liður í hagnýtingu. Jafnframt er litið á verndun menningarminja sem hluta af því að styrkja staðaranda, sjálfsmynd og ímynd svæðisins. Stefnan er því talin samræmast ofangreindu viðmiði.</p>



5.13 SÖGUR OG SAGNIR

Einkenni auðlindar / umhverfispáttar

- Svæðið er sögusvið merkra íslendingasagna. Þar er helst að nefna Laxdæla sögu og Eiríks sögu rauða en einnig Gullþóris sögu. Í Laxdælu segir frá landnámi Auðar djúpúðgu, þekktustu landnámskonunnar, fólk sem með henni kom og afkomendum þeirra, sem margir bjuggu í Laxárdal. Í Eiríks sögu rauða eru feðgarnir Eiríkur og Leifur heppni aðalsögupersónurnar en för þeirra og frægð nær langt út fyrir landsteinana. Í Gullþóris sögu, öðru nafni Þorskfirðinga sögu, segir frá landnámsmönnum í Þorskafirði sem tókust á um gull sem þeim áskotnaðist eftir hernað í Finnmörk í Noregi. Í Landnámabók eru Auðar djúpúðga, Geirmundur heljarskinn og Úlfur skjálgí tilgreind sem „göfugastir“ landnámsmanna. Geirmundur heljarskinn nam land við innanverðan Breiðafjörð og bjó á Skarðsströnd og Úlfur skjálgí nam Reykjanes milli Þorskafjarðar og Hafrafells. Auk þeirra má nefna Steingrím tröll sem nam land í Steingrímsfirði.
- Sturlunga var að öllum líkendum að mestu rituð af Sturlu Þórðarsyni sem bjó á Staðarholí í Saurbæ. Hún er mikilvæg samtíðarsaga á miklum umbrotatínum á 12. og 13. öld sem veitir innsýn í hugmyndaheim og lífsskoðun íslendinga á þeim tíma.
- Þjóðsögur eru ráðandi í sagnaarfi norðurhluta svæðisins, ekki síst galdrasögur. Þekkt þjóðsaga tengd landslagi segir af þremur skessum sem ætluðu að moka sund á milli um Gilsfjörð og Kollafjörð og skera þannig Vestfirði frá landinu, en náðu ekki að ljúka verkinu fyrir sólarupprás. Fyrir vikið urðu þær að dröngunum Karli og Kerlingu í Kollafirði og steindrangi þeim sem Drangsnes er. En verkið skilaði Breiðafjarðareyjum og hólum, skerjum og eyjunni Grímsey á Húnaflóa.²³

Núverandi nýting og frekari möguleikar

- Heimamenn hafa gert sér mat úr sagnaarfi svæðisins, t.d. með uppbyggingu Eiríksstaða, Leifsbúðar í Búðardal og Strandagaldurs á Ströndum.
- Ríkur arfurinn býður upp á að nýta sögur með fjölbreyttum hætti í ferðaþjónustu og vörubróun í öðrum atvinnugreinum.

²³ <https://www.snerpa.is/net/thjod/troll-ve.htm>


Umhverfismat: Áhrif svæðisskipulagstillögu á umhverfisþáttinn

Stefna sem varðar umhverfisþáttinn

- Sett er fram stefna um að nýta auðlindir svæðisins frekar en þegar er gert í tengslum við landbúnað, sjávarnytjar og ferðaþjónustu en jafnframt að standa vörð um þau náttúrugæði og auðlindir sem þessar meginatvinnugreinar svæðisins byggja á.
- Sett er fram stefna um að í boði verði margskonar möguleikar til að njóta einstaks landslags svæðisins og komast í snertingu við mannlíf þess og sögu.
- Sett er fram stefna um svæðisbundið leiðakerfi ökuleiða ásamt gönguleið og reiðleið eftir endilöngu svæðinu. Á hverri leið verði áfangastaðir og áningarástaðir sem ýta undir að gestir staldri við á svæðinu. Stefnt er að því að áningarástaðir verði staðsettir og útfærðir m.t.t. söguþráða á hverri leið og snúa sumir þeirra að sögu og minjum.
- Sett er fram krafa um að við deiliskipulagsgerð og veitingu bygginga- og framkvæmdaleyfa verði bess gætt að vandað verði til mannvirkjagerðar og umhverfismótunar. Tekið verði mið af fornleifum og byggingarárfini o.fl. Leitað verði álíts fagaðila eftir því sem ástæða þykir til.
- Sett er fram stefna um að staðinn verði vörður um fornleifar.
- Stefnt er að því að draga fram sérstöðu svæðisins í landslagi, sögu og menningu við umhverfismótun, mannvirkjagerð og vöruþróun.
- Stefnt er að því að standa vörð um verndarsvæði sem skilgreind eru í aðalskipulagi, þ.m.t. svæði sem njóta verndar vegna minja eða sögu.

Mat á áhrifum stefnu

Umhverfisþáttur	Umhverfisviðmið
Sögor og sagnir	<ul style="list-style-type: none">▪ Stefnan stuðlar að verndun og varðveislu menningar og sögu sem felst m.a. í byggingarárfini og landslagi.
Mat á samræmi við umhverfisviðmið	Skýring við mat
+	<p>Svæðisskipulagstillagan miðar að því að nýta enn frekar menningu og sögu svæðisins sem innblástur við vöruþróun, markaðssetningu, mannvirkjagerð og umhverfismótun. Einnig til að styrkja staðaranda, sjálfsmýnd og ímynd svæðisins. Í því samhengi er lögð áhersla á að draga fram sögor og sagnir svo þær nýtist við þróun atvinnugreina. Stefnt er að því að standa vörð um verndarsvæði sem skilgreind eru í aðalskipulagi, þ.m.t. svæði sem njóta verndar vegna landslags, minja eða sögu.</p> <p>Svæðisskipulagstillagan er því talin samræmast ofangreindu viðmiði.</p>



5.14 MANNAUÐUR OG BÚSETA

Einkenni

- Íbúum á svæðinu hefur fækkað ef litið er til 15 ára tímabils áranna 2001-2016. Árið 2001 bjuggu tæplega 1600 íbúar á svæðinu, en í byrjun árs 2016 voru íbúar um 1400. Tæplega 680 bjuggu þá í Dalabyggð, rúmlega 260 í Reykhólahreppi og rúmlega 460 í Strandabyggð.
- Meirihluti íbúa býr í dreifbýlinu eða 52%. Í byrjun árs 2016 bjuggu á Hólmavík um 340 íbúar, í Búðardal um 260 og á Reykhólum um 135 manns.²⁴
- Hlutfall eldri íbúa af heildaríbúafjölda hefur hækkað en hlutfall barna lítillega lækkað. Þannig voru íbúar eldri en 65 ára 19,5% af íbúafjölda svæðisins árið 2016 en um 16% árið 2001. Börn yngri en 15 ára voru tæp 20% af íbúafjöldanum árið 2016 en árið 2001 var samsvarandi hlutfall 20,5%.
- Hlutfall karla af íbúafjöldanum er um 1% hærra nú en árið 2001. Árið 2016 voru karlar 52,1% íbúa en konur 47,9%. Samsvarandi tölur fyrir landið allt eru 50,3% og 49,7%. Jákvætt er þó að hlutfall kvenna á aldrinum 25-35 ára hefur hækkað, úr 10,9% árið 2001 í 11,7% árið 2016 og eru þær fleiri en karlar á sama aldri.

²⁴ Ath. kortið hér til hliðar byggir á gögnum frá Landmælingum Íslands október 2016. Gögnin kunna að sýna búsetu þar sem ekki er lengur búseta og mögulega eru einhverjar villur í þeim.


Umhverfismat: Áhrif svæðisskipulagstillögu á umhverfispáttinn

Stefna sem varðar umhverfispáttinn

- Svæðisskipulagstillöggunni í heild sinni er ætlað að styðja við byggðaþróun, með því að setja fram sameiginlega stefnu sveitarfélaganna um frekari nýtingu auðlinda og gæða svæðisins í samhengi við meginatvinnugreinarnar landbúnað, sjávarnytjar og ferðaþjónustu.
- Í samhengi við stefnu um ferðaleiðir er sett fram stefna um að þorpin þrjú á svæðinu verði svokallaðar svæðisstöðvar þar sem margvísleg þjónusta verði í boði. Stefna um svæðisbundna gönguleið og reiðleið miðar einnig að því að styrkja þorpin.

Mat á áhrifum stefnu

Umhverfispáttur	Umhverfisiðmið
Mannauður og búseta	<ul style="list-style-type: none">▪ Stefnan stuðlar að samkeppnishæfni og eflingu samfélags og atvinnulífs.▪ Stefnan miðar að því að styðja og styrkja samfélag viðkomandi byggðarlags með því að beina vexti að þeim kjörnum sem fyrir eru.
Mat á samræmi við umhverfisiðmið	Skýring við mat
+	Svæðisskipulagstillagan skilgreinir stefnu sem sveitarfélögjin hyggjast vinna eftir Stefnunni er ætlað að styðja við atvinnulíf og byggðaþróun með því að auðvelda forgangsröðun samstarfsverkefna og verkefna einstakra sveitarfélaga; stuðla að sterkti sjálfsmynd samfélaga á svæðinu og aukinni samheldni þeirra; stuðla að sterkti ímynd svæðisins og auknu aðráttarafla gagnvart ferðamönnum, nýjum íbúum, fyrirtækjum og fjárfestum; hvetja til þróunar nýrra fyrirtækja, þjónustu og vöru sem byggja á sérkennum og auðlindum svæðisins; og laða að fjármagn til svæðisbundinna verkefna og annarra verkefna sem falla að sameiginlegi langtímasýn svæðisins í svæðisskipulaginu. Ekki er sett fram bein stefna um byggðarmynstur að öðru leyti en því að leitast er við að styðja við uppbyggingu í þorpunum með því að beina ferðaleiðum þangað og gera ráð fyrir að þéttbýlin verði meginþjónustastaðir leiðanna Á grunni þess sem hér er tilgreint er stefna svæðisskipulagstillögunnar talin í samræmi við ofangreind viðmið.



5.15 ÍBÚÐARBYGGÐ OG FRÍSTUNDABYGGÐ

Einkenni

- Íbúðarbyggðin þræðir stendur og dali.²⁵ Frístundabyggðin einnig, en hún er aðallega á Skógarströnd, í Döllum, á Fellsströnd, milli Barðastrandar og Reykhóla og fyrir botni Steingrímsfjarðar og Ísafjarðar.
- Á Breiðafjarðareyjum eru víða byggingar en heilsársbúseta er aðeins í Flatey.

²⁵ Ath. kortið hér til hliðar byggir á gögnum frá Landmælingum Íslands október 2016. Gögnin kunna að sýna búsetu þar sem ekki er lengur búseta.


Umhverfismat: Áhrif svæðisskipulagstillögu á umhverfispáttinn

Stefna sem varðar umhverfispáttinn

- Stefnu svæðisskipulagstillögunnar í heild sinni er ætlað að styrkja byggð í dreifbýli og þéttbýli.
- Sett er fram stefna um að við deiliskipulagsgerð og veitingu bygginga- og framkvæmdaleyfa verði bess gætt að vel sé vandað til mannvirkjagerðar og umhverfismótunar. Tekið verði mið af landslagi og byggingarárferi, svo sem m.t.t. staðsetningar, forms, lita og efna og staðinn verði vörður um lífríki, jarðveg, merkar jarðmyndanir og fornleifar. Leitað verði álits fagaðila eftir því sem ástæða þykir til.
- Sett er fram stefna um að standa vörð um þegar skilgreind verndarsvæði í aðalskipulagi og að vernda viðkvæm og sérstæð strandsvæði. Einnig að stuðla að verndun votlendis og merkra birkiskóga svæðisins, m.a. með afmörkun hverfisverndarsvæða í aðalskipulagi. Þá verði skoðað hvar endurheimta mætti votlendi. Þessar takmarkanir þarf að virða við stefnumótun um íbúðar- og fristundabyggð í aðalskipulagi.
- Sett er fram stefna um ferðaleiðir og uppbyggingu aðstöðu á áningarstöðvum á þeim.

Mat á áhrifum stefnu

Umhverfispáttur	Umhverfisviðmið
Mannauður og búseta, þ.m.t. íbúðar- og fristundabyggð	<ul style="list-style-type: none"> ▪ Stefnan stuðlar að öruggri, aðgengilegri og vandaðri byggð í góðum tengslum við umhverfi og náttúru sem styður lífsgæði og heilbrigðan og sjálfbærar lífsstíl. ▪ Stefnan miðar almennt að afmörkuðum en samfelldum fristundabyggðarsvæðum sem gefi notendum þeirra kost á góðum tækifærum til útiveru um leið og gætt er að því að fristundabyggðin skerði ekki mikilvæg eða viðkvæm svæði með tilliti til landbúnaðar eða náttúruverndar. ▪ Stefnan stuðlar að góðum tækifærum til útivistar og tryggir rétt almennings að frjálsu aðgengi um náttúru landsins. ▪ Stefnan stuðlar að öryggi almennings gagnvart náttúrvá.
Mat á samræmi við umhverfisviðmið	Skýring við mat
Ó	Stefna svæðisskipulagstillögunnar er talin í samræmi við ofangreind viðmið að hluta til. Tillagan miðar að eflingu byggðar en markar ekki beina stefnu um íbúðar- og fristundabyggðarsvæði heldur gerir ráð fyrir að um staðsetningu þeirra, umfang og útfærslu sé fjallað í aðalskipulagi, innan þess ramma sem svæðisskipulagið setur. Sama á við um svæði undir náttúrvá. Sett er fram stefna sem miðar að vandaðri mannvirkjagerð og umhverfismótun. Stefna um ferðaleiðir og áningarstöðvar er til þess fallin að bæta tækifæri til útivistar og aðgengi almennings að náttúru svæðisins.



5.16 SAMFÉLAGSBJÓNUSTA

Einkenni

- Þjónusta á svæðinu er að mestu í þorpunum þremur, þ.m.t. stjórnsýsla.
- Grunn- og leikskólar eru í Búðardal, á Hól mavík og Reykhólum.
- Fræðslumiðstöð Vestfjarða hefur útibú á Hól mavík þar sem í boði er nám af ýmsu tagi. Dalabyggð er aðili að Símenntunarmiðstöðinni á Vesturlandi.
- Heilbrigðisstofnun Vesturlands er með starfsstöðvar í Búðardal og á Hól mavík. Stöðin í Búðardal sinnir einnig Reykhólahreppi.
- Hjúkrunarheimili eru á Reykhólum, í Búðardal og á Fellsenda í Miðdöllum. Hjúkrunardeild er við heilsugæslustöðina á Hól mavík.
- Slökkvistöðvar er í þéttbýlunum og er samstarf á milli slökkviliðanna í Reykhólahreppi og í Dalabyggð.
- Matvöruverslanir eru í öllum þremur byggðarkjörnum.
- Sundlaugar eru á Hól mavík, Reykhólum, í Búðardal, Sælingsdal og Djúpadal .
- Samkomuhús eða félagsheimili eru Árblik í Miðdöllum, Dalabúð í Búðardal, Staðarfell á Fellsströnd, Tjarnarlundur í Saurbæ, Vogur í Flatey og Félagsheimilið á Hól mavík. Í Reykhólahreppi hefur íþróttahúsið á Reykhólum verið nýtt sem félagsheimili. Áður voru félagsheimili í Króksfjarðarnesi (Vogaland), á Ströndum (Sævangur) og að Nauteyri á Langadalsströnd en þau hús hafa fengið nýtt hlutverk. Í Sævangi er t.d. rekið Sauðfjársetur og á Nauteyri er safn og fræðimannasetur til minningar um skáldið Stein Steinarr og kallast húsið nú Steinshús.
- Fjölmargar kirkjur eru á svæðinu.²⁶ Í Strandabyggð eru: Melgraseyrarkirkja, Nauteyrarkirkja, Staðarkirkja, Hól mavíkurkirkja, Kollafjarðarneskirkja, og Óspakseyrarkirkja. Í Dalabyggð eru: Narfeyrarkirkja, Breiðabólstaðarkirkja, Snóksdalskirkja, Kvennabrekku kirkja, Stóra-Vatnshornskirkja, Hjarðarholtskirkja, Hvammskirkja, Staðarfells kirkja, Dagverðarnesskirkja, Skarðskirkja og Staðarhólskirkja. Í Reykhólahreppi eru: Garpsdalskirkja, Reykhóla kirkja, Staðarkirkja, Gufudalskirkja, Skál marnesmúlakirkja og Flateyjarkirkja.

²⁶ <http://www.kirkjukort.net/>


Umhverfismat: Áhrif svæðisskipulagstillögu á umhverfispáttinn

Stefna sem varðar umhverfispáttinn

- Stefna svæðisskipulagstillögunnar í heild sinni er ætlað að styrkja byggð á svæðinu, þ.m.t. samfélagsþjónustu.
- Í samhengi við stefnu um ferðaleiðir er sett fram stefna um að þorpin þrjú á svæðinu verði svokallaðar svæðisstöðvar þar margvísleg þjónusta verði boði. Stefna um svæðisbundna gönguleið og reiðleið miðar einnig að því að styrkja þorpin.

Mat á áhrifum stefnu

Umhverfispáttur	Umhverfisviðmið
Samfélagsþjónusta	<ul style="list-style-type: none">▪ Stefnan stuðlar að góðum búsetuskilyrðum og samkeppnishæfni byggða og bæja.▪ Stefnan miðar að því að styðja og styrkja samfélag viðkomandi byggðarlags með því að beina vexti að þeim kjörnum sem fyrir eru.
Mat á samræmi við umhverfisviðmið	Lýsing á áhrifum
ó	Svæðisskipulagstillagan miðar að eflingu byggðar en markar ekki beina stefnu um samfélagsþjónustu eða svæði fyrir hana heldur gerir ráð fyrir að um staðsetningu hennar, umfang og útfærslu sé fjallað í aðalskipulagi, innan þess ramma sem svæðisskipulagið setur. Stefna um þorpin sem svæðisstöðvar þar sem megin þjónusta er talin í samræmi við ofangreind viðmið.



5.17 ATVINNULÍF

Einkenni

- Ráðandi landbúnaðargreinar á svæðinu eru sauðfjárrækt og nautgriparsækt/mjólkurframleiðsla. Í lok árs 2015 voru 16 kúabú í Dalabyggð (bar af 13 með mjólkandi kýr) og 9 í Reykhólahreppi (6 með mjólkandi kýr). Ekkert kúabúa er í Strandabyggð.²⁷ Í nóvember 2015 voru 161 sauðfjárbú á svæðinu, 96 í Dalabyggð, 31 í Reykhólahreppi og 34 í Strandabyggð.²⁸ Sjö bær taka þátt í verkefninu Beint frá býli og eru tveir þeirra með gæðavottun verkefnisins „Frá fyrstu hendi“.²⁹ Eitt bú er með lífræna vottun.³⁰
- Mjólkurstöð með ostagerð er í Búðardal.
- Hlunnindi ýmiskonar á sjó og landi eru nýtt víða.
- Skógrækt sem aukabúgrein er nokkur á svæðinu. Árið 2016 voru 6 landeigenda í Strandabyggð, 8 í Reykhólahreppi og 32 í Dalabyggð með samning við Skógræktina um skógrækt á alls 4221 ha lands.³¹
- Útgerð og fiskmarkaður eru á Hólmavík og þar hefur rækjuvinnsla verið umfangsmikil. Á Reykhólum hefur m.a. verið gert út á beitukóng. Frá Skarðsstöð á Skarðsströnd er m.a. gert út á grásleppu og í Búðardal er fiskvinnsla með aðfluttan fisk.
- Pörungaverksmiðjan og Saltverksmiðjan á Reykhólum eru mikilvægar fyrir atvinnulíf svæðisins.
- Ferðapjónusta er vaxandi atvinnugrein jafnt í þéttbýli sem sveitum. Hún felst t.d. í gistingu, veitinga- og afþreyingarþjónustu.
- Þó nokkur störf á svæðinu eru í skólamálastofu, við félagsþjónustu og heilbrigðisþjónustu.

²⁷Byggðastofnun 2016. Dreifing nautgripa á Íslandi, <https://www.bryggdastofnun.is/static/files/Byggdabrunnur/nautgriparsaekt.pdf>

²⁸Byggðastofnun 2016. Dreifing sauðfjár á Íslandi, https://www.bryggdastofnun.is/static/files/Byggdabrunnur/dreifing_saudfjarbua.pdf

²⁹ <http://www.beintfrabyli.is/>

³⁰ Vottunarstofan Tún, <http://tun.is/>

³¹ Umsögn Skógræktarinnar um lýsingu svæðisskipulagsverkefnis 17.7.2016.


Umhverfismat: Áhrif svæðisskipulagstillögu á umhverfispáttinn

Stefna sem varðar umhverfispáttinn

- Svæðisskipulagstillögnum í heild sinni er ætlað að styðja við byggðaþróun með því að setja fram sameiginlega stefnu sveitarfélaganna um frekari nýtingu auðlinda og gæða svæðisins í samhengi við meginatvinnugreinarnar landbúnað, sjávarnytjar og ferðaþjónustu.
- Í samhengi við stefnu um ferðaleiðir er sett fram stefna um að þorpin þrjú á svæðinu verði svokallaðar svæðisstöðvar þar sem margvísleg þjónusta verði í boði. Stefna um svæðisbundna gönguleið og reiðleið miðar einnig að því að styrkja þorpin.

Mat á áhrifum stefnu

Umhverfispáttur	Umhverfisviðmið
Atvinnulíf	<ul style="list-style-type: none"> Stefnan stuðlar að því að skapa aðstæður fyrir grænt hagkerfi og fjölbreytt og samkeppnishæft atvinnulíf. Stefnan stuðlar að samkeppnishæfni og eflingu samfélags og atvinnulífs. Stefnan stuðlar að uppbyggingu atvinnulífs til framtíðar, með áherslu á gæði í hinu byggða umhverfi og öflugum innviðum. Stefnan stuðlar að því að viðhalda og efla sérstöðu Íslands sem áfangastaðar ferðamanna. Stefnan stuðlar að eflingu ferðaþjónustu í dreifbýli um leið og gætt er að því að varðveita þau gæði sem eru undirstaða ferðaþjónustu. Stefnan stuðlar að því að nýting náttúruauðlinda fari fram með sjálfbærum hætti. Stefnan stuðlar að möguleikum á fjölbreyttri og hagkvæmri nýtingu landbúnaðarlands í sátt við umhverfið. Í stefnunni er gætt að því að byggð gangi ekki að óþörfu á svæði sem eru verðmæt til landbúnaðar.
Mat á samræmi við umhverfisviðmið	Skýring við mat
+	<p>Svæðisskipulagstillagan skilgreinir stefnu sem sveitarfélögum hyggjast vinna eftir og er hún talin í samræmi við ofangreind viðmið. Þannig er stefnunni er ætlað að styðja við atvinnulíf og byggðaþróun með því að auðvelda forgangsröðun samstarfsverkefna og verkefna einstakra sveitarfélaga; stuðla að sterkt sjálfsmynd samfélaga á svæðinu og aukinnar samheldni þeirra; stuðla að sterkt ímynd svæðisins og auknu aðráttarafla gagnvart ferðamönnum, nýjum íbúum, fyrirtækjum og fjárfestum; hvetja til þróunar nýrra fyrirtækja, þjónustu og vöru sem byggja á sérkennum og auðlindum svæðisins; og laða að fjármagn til svæðisbundinna verkefna og annarra verkefna sem falla að sameiginlegri langtímasýn svæðisins í svæðisskipulaginu.</p>



5.18 STOFNKERFI

Einkenni

- Tveir stofnvegir liggja að/frá suður- og norðurenda svæðisins og tengja það við önnur svæði. Að vestanverðu liggur Vestfjarðavegur frá þjóðvegi 1 í Norðurárdal um Bröttubrekku, Búðardal, framhjá Reykhólum og áfram vestur og svo norður, allt til Ísafjarðar. Að austanverðu liggur Innstrandavegur frá þjóðvegi 1 í botni Hrútafjarðar og þræðir Bitrufjörð, Kollafjörð og Steingrímsfjörð að Hólmavík. Þáðan liggur hann um Steingrímsfjarðarheiði og Djúp til Ísafjarðar. Þessir tveir aðalvegir tengjast með stofnvegi um Arnkötluðal (þróskulda). Þá liggur Snæfellsnesvegur frá gatnamótum við Haukadal, eftir Skógarströnd að Stykkishólmi.
- Helstu tengivegir á svæðinu eru: Porskafjarðarvegur frá samnefndum firði upp á miðja Steingrímsfjarðarheiði. Klofningsvegur um Fellsströnd og Skarðsströnd. Laxárdalsvegur um Laxárdalsheiði að Borðeyri. Haukadalsvegur um Haukadal er tengivegur í byggð en síðan tekur við landsvegur að þjóðvegi 1 á Holtavörðuheiði. Hálsbæjarvegur liggur um Miðdali á milli Vestfjarðavegar og Snæfellsnesvegar á norðanverðu nesinu. Heydalsvegur liggur frá Skógarströnd yfir á Snæfellsnesveg á sunnanverðu nesinu. Aðrir vegir flokkast sem landsvegir eða héraðsvegir..
- Við Búðardal, Reykhóla og Hólmavík eru flugbrautir með malarslitlagi.
- Í gegnum svæðið liggur meginflutningslína Landsnets.³² Línan er 132 kv og skiptist í þrjá kafla; Glerárskógarlínú, Geiradalslínú og Mjólkárlínú. Dreifikerfi RARIK nær að Gilsfjarðarbrú en norðan Gilsfjarðar og í Ólafsdal sér Orkubú Vestfjarða um dreifingu rafmagns.
- Ljósleiðari liggur eftir endilöngu svæðinu að vestanverðu og yfir Laxárdalsheiði. Nýlega var lagður ljósleiðari frá Hólmavík og suður Strandir og framundan er lagning ljósleiðar í Reykhólahreppi.
- GSM samband er á svæðinu en þó eru víða blettir þar sem það dettur út. 3G samband er víða í byggð. 4G samband er hinsvegar aðeins á takmörkuðu svæði upp til heiða og fjalla og einungis á vegum eins fyrirtækis af þremur sem sinn fjarskiptaþjónustu á svæðinu.³³

³² <http://www.landsnet.is/raforkukerfid/>

³³ <https://vodafone.is/internet/4g-net/thjonustusvaedi/>
<https://www.nova.is/farsimi/thjonustusvaedi/>
<https://www.siminn.is/english/support/coverage/>

Umhverfismat: Áhrif svæðisskipulagstillögu á umhverfispáttinn

Stefna sem varðar umhverfispáttinn

- Í svæðisskipulagstillöggunni er sett fram stefna um að vegir innan svæðisins og á milli þess og sveitarfélaga á Vestfjörðum, Vesturlandi og Norðurlandi vestra verði bættir til að svæðið geti sem best nýtt möguleika sína til þróunar. Lögð verði sérstök áhersla á bættan veg um Skógarströnd og að einbreiðar brýr heyri sögunni til.
- Sett er fram stefna um svæðisbundið leiðakerfi ökuleiða sem bjóða upp á lengri og styrti ferðir um svæðið – Breiðafjarðarleið, Strandaleið, Dalaleið og Vesturslaufan/Vesturáttan. Þróun leiðanna krefst þess að vegir á svæðinu verði bættir. Einkanlega er mikilvægt að byggja upp Skógarstrandarveg til að svæðið geti notið þess ávinnings í ferðabjónustu sem bætt tenging við Snæfellsnes getur gefið. Einnig er gert ráð fyrir úrbótum á Vestfjarðavegi nr. 60 um Reykhólahrepp en lega hans og annarra vega er ákveðin í Aðalskipulagi.
- Sett er fram stefna um bætt veitukerfi, þ.m.t. þriggja fasa rafmagn, hitaveitu, fjarskipti og rotþrær. Stefnt er að því að raforkuöryggi verði aukið, m.a. með hringtengingu raforku á Vestfjörðum, með tengivirkjum á Nauteyri.
- Sett er fram stefna um að við deiliskipulagsgerð og veitingu bygginga- og framkvæmdaleyfa verði þess gætt að vandað verði til mannvirkjagerðar og umhverfismótunar. Tekið verði mið af landslagi, lífríki, jarðvegi, merkum jarðmyndunum, fornleifum og byggingarárfi.

Mat á áhrifum stefnu

Umhverfispáttur	Umhverfisviðmið
Stofnkerfi	<ul style="list-style-type: none"> Stefnan felur í sér samþætta stefnu um byggðaþróun í þéttbýli og dreifbýli með áherslu á greiðar, öruggar og vistvænar samgöngur og fjölbreyttan ferðamáta. Í stefnunni er gætt að hagkvæmni varðandi samgöngur og veitur. Stefnan stuðlar að greiðum samgöngum innan skilgreindra vinnusóknar- og þjónustusvæða meginkjarna, með styrkingu byggðar að leiðarljósi. Stefnan skilgreinir meginleiðir ferðamanna, gangandi, ríðandi og hjólandi. Stefnan gefur kost á uppbyggingu fjarskiptamannvirkja til að tryggja örugg fjarskipti, um leið og gætt verði að áhrifum á náttúru og landslag. Stefnan gefur kost á uppbyggingu flutningsmannvirkja raforku sem tryggar örugga afhendingu raforku, um leið og tekið er tillit til áhrifa á náttúru og landslag. Stefnan stuðlar að því að mannvirkji vegna orkuvinnslu og orkuflutnings falli sem best að landslagi og annarri landnotkun. Tekin er afstaða til möguleika á orkuframleiðslu með vatnsafl, jarðvarma og vindorku í sátt við náttúru og samfélag.
Mat á samræmi við umhverfisviðmið	Skýring við mat
+	<p>Stefna svæðisskipulagstillögunnar varðandi samgöngur, vegarkerfi, gönguleiðir, reiðleiðir, fjarskipti, flutningskerfi raforku og mannvirkjagerð m.t.t. landslags er metin í samræmi við framangreind viðmið.</p> <p>Svæðisskipulagstillagan gerir almennt ráð fyrir bættu vegakerfi þannig að íbúar á svæðinu geti verið í sem bestum tengslum við nágrannasvæði og ferðamenn farið þar greiðlega um. Sú almenna stefna og stefna um úrbætur á Skógarstrandarvegi og Vestfjarðavegi nr. 60 um Reykhólahrepp, er í samræmi við viðmið um að stuðla að greiðum og öruggum samgöngum, innan vinnusóknar- og þjónustusvæða meginkjarna (Reykholá/Hól mavíkur/Búðardals), með styrkinu byggðar að leiðarljósi.</p> <p>Fyrir liggur vinnslutillaga að breytingu á Aðalskipulagi Reykhólahrepps 2006-2018 þar sem settir eru fram tveir valkostir um nýja legu Vestfjarðarvegar um Gufudalssveit og þeir bornir saman m.t.t. umhverfisáhrifa og við númerandi ástand. Í tillögunni hefur ekki verið tekin afstaða til hvor kosturinn verður valinn. Vinnslutillagan byggir á matsskýrslu</p>

	<p>Vegagerðarinnar frá 16.2.2017 en einnig liggur fyrir álit Skipulagsstofnunar frá 28.3.2017.</p> <p>Helstu umhverfisáhrif af þeim tveimur valkostum sem kynntir eru í vinnslutilögum Reykhólahrepps, dags. nót. 2017 eru eftirfarandi:</p> <p><i>Kostur D2.</i> Leið D2 fylgir núverandi vegi frá Bjarkalundi að Þorskafirði og þverar Þorskafjörð rétt utan við Mjólkárlínu. Hún liggur í jarðgöngum undir Hjallaháls og liggur svo um árósa í botni Djúpafjarðar. Þaðan fylgir hún nýju vegarstæði yfir Ódrjúgsháls, þverar svo Gufufjörð skammt utan Hofstaða og endar við Skálaneshraun á Skálanesi. Leiðin verður 22,0 km löng með 4,5 km jarðgöngum og styttr Vestfjarðavegum 19,6 km. Byggja þyrti 260 m langa brú yfir Þorskafjörð, 28 m brú yfir Djúpadalsá og 70 m brú yfir Gufufjörð, samtals 358 m langar brýr. Mögulegt er að leggja af langa kafla á núverandi vegi.</p> <p><i>Kostur P-H.</i> Leið P-H fylgir núverandi vegi frá Bjarkalundi að Þorskafirði og þverar Þorskafjörð rétt utan við Mjólkárlínu. Hún liggur svo út með Þorskafirði að vestanverðu. Við Hallsteinsnes þverar hún Djúpafjörð við mynni hans, liggur síðan um Grónes og þverar svo Gufufjörð við mynni hans. Hún liggur um Melanes og endar við Skálaneshraun á Skálanesi. Leiðin verður 20,0 km löng og styttr Vestfjarðavegum 21,6 km. Byggja þarf 260 m brú yfir Þorskafjörð, 300 m brú yfir Djúpafjörð og 130 m brú yfir Gufufjörð, samtals 690 m langar brýr. Leggja þarf 5,8 km langa tengingu að núverandi Vestfjarðavegi í Djúpafirði. Mögulegt er að leggja af langa kafla á núverandi vegi.³⁴</p> <p>Niðurstaða mats á umhverfisáhrifum er að leið D2 hefur minni neikvæð áhrif á umhverfið en er mun dýrar í framkvæmd. Núllkostur, þ.e. óbreytt ástand, er talinn ófullnægjandi því að hann er veggtaenilega óviðunandi en m.a. er kröfum til umferðaröryggis hvergi nærri fullnað vegna bratta og burðarpols.</p> <p>Þar sem í svæðisskipulagstillöggunni er ekki tekin afstaða til legukosta og ákvörðunar um þá er vísað til aðalskipulagsstigs, er hér vísað til framangreindra gagna varðandi nánari umfjöllun um umhverfisáhrif af breytingu á Vestfjarðavegi um Reykhólahrepp.</p> <p>Í svæðisskipulagstillöggunni eru skilgreindar megin ferðaleiðir fyrir akandi, gangandi og riðandi. Ekki þótti tilefni til að marka stefnu um sérstaka hjólaleið en sumir vegir svæðisins henta fyrir þann ferðamáta.</p> <p>Svæðisskipulagstillagan gerir ráð fyrir bættum veitukerfum, en</p>
--	--

lega þeirra umfang og útfærsla er ákveðin í aðalskipulagi. Stefnumið um raforkuöryggi verði aukið, m.a. með hringtengingu raforku á Vestfjörðum, með tengivirkri á Nauteyri, er í samræmi við umhverfisviðmið um að gefin sé kostur á uppbyggingu flutningsmannvirkja raforku sem tryggar örugga afhendingu raforku, um leið og tekið er tillit til áhrifa á náttúru og landslag, enda verði fjallað um umhverfisáhrif á sílkri uppbyggingu á aðalskipulags- og framkvæmdastigi og tekið mið af niðurstöðu þess við endanlega útfærslu á legu mannvirkja. Ekki er tekin afstaða til orkuframleiðslu að öðru leyti en því að hvatt er til frekari rannsókna á jarðhita og nýtingar hans. Ákvörðun um einstakar framkvæmdir vegna orkuframleiðslu er aðalskipulagsmál hvers sveitarfélags og verður nánar fjallað um umhverfisáhrif þeirra framkvæmda á því stigi. Í svæðisskipulagstillöggunni er sett fram almenn stefna um aðlögun mannvirkja að landslagi og öðrum umhverfispáttum sem er í samræmi við sambærilegt umhverfisviðmið úr Landsskipulagsstefnu.

³⁴ Tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Reykhólahrepps 2006-2018, dags. nót. 2017.

6 HEILDARÁHRIF SVÆÐISSKIPULAGSTILLÖGU

Áhrif svæðisskipulagstillögunnar á einstaka umhverfisþætti eru í nær öllum tilvikum talin jákvæð út frá því að þau samræmast umhverfisviðmiðum. Svæðisskipulagstillagan í heild sinni er því talin geta haft jákvæð áhrif á umhverfi, efnahag og samfélag. Þau tilvik þar sem stefna er talin styðja umhverfisviðmið að óverulegu leyti eða að hluta til, er hún sett fram með almennum hætti til nánari utfærslu í aðalskipulagi. Í engum tilvikum var greint ósamræmi við umhverfisviðmið.

Umhverfisþáttur	Mat á samræmi við umhverfisviðmið
Berggrunnur	ó
Jarðvegur	+
Yfirborðsvatn	+
Grunnvatn	+
Jarðhiti	+
Sjór	+
Loft	ó
Gróður	+
Lífríki	+
Landslag	+
Menningarminjar	+
Sögur og sagnir	+
Mannauður og búseta	+
Íbúðarbyggð og frístundabyggð	ó
Samfélagsþjónusta	ó
Atvinnulíf	+
Stofnkerfi	+
HEILDARÁHRIF	+
Merking tákna	
Tákn	Merking
+	Samræmi – stefnan styður við viðkomandi umhverfisviðmið (jákvæð áhrif)
ó	Óverulegt – stefnan styður viðkomandi umhverfisviðmið að óverulegu leyti eða að hluta til
-	Ósamræmi – stefnan styður ekki eða gengur gegn viðkomandi umhverfisviðmiði (neikvæð áhrif)
áev	Á ekki við – stefnan tengist ekki umhverfisviðmiðinu með beinum hætti

HEIMILDIR OG ÍTAREFNI

Sjá svæðisskipulagsgreinargerð.

UMSAGNARAÐILAR

Sjá svæðisskipulagsgreinargerð.